


GAGNAVARSLA FORNLEIFARANNSÓKNA Í EVRÓPU. STAÐALL OG LEIÐBEININGAR UM BESTU STARFSVENJUR

EAC GUIDELINES 1



Kathy PERRIN, Duncan H. BROWN,
Guus LANGE, David BIBBY,
Annika CARLSSON, Ann DEGRAEVE,
Martin KUNA, Ylva LARSSON,
Sólborg Una PÁLSDÓTTIR,
Bettina STOLL-TUCKER, Cynthia DUNNING,
Aurélie ROGALLA VON BIEBERSTEIN

GAGNAVARSLA FORNLEIFARANNSÓKNA Í EVRÓPU. STAÐALL OG LEIÐBEININGAR UM BESTU STARFSVENJUR

EAC Guidelines 1

Verkefni þetta hefur verið fjármagnað með stuðningi frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Þetta efni endurspeglar aðeins skoðanir höfunda og ekki er hægt að gera framkvæmdastjórnina ábyrga fyrir notkun á neinum þeim upplýsingum sem hér koma fram.

Kápa:

- © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, A. Müller
- © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed
- © Riksantikvarieämbetet, Pål-Nils Nilsson, CC By
- © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Juraj Lipták
- © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.
- © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites
- © Mínjastofnun Íslands, Islands kulturarvstyrelse
- © John Lawrence

Skipulag:

Concepción Ortigosa (MRBC-DMS)

Ábyrgur ritstjóri:

Europae Archaeologia Consilium (EAC)
rue des Brigades d'Irlande 1
5100 Namur, Belgium

Ókeypis birting dreifð af EAC

D/2014/6860/016

Kathy PERRIN, Duncan H. BROWN,
Guus LANGE, David BIBBY,
Annika CARLSSON, Ann DEGRAEVE,
Martin KUNA, Ylva LARSSON,
Sólborg Una PÁLSDÓTTIR,
Bettina STOLL-TUCKER, Cynthia DUNNING,
Aurélie ROGALLA VON BIEBERSTEIN

EFNISYFIRLIT



EFNISYFIRLIT	4
FORMÁLI	6
SAMSTARFSHÓPUR UM ARCHES	8
RÁÐGJAFAR VERKEFNISINS	8
ÞAKKIR	9
1. INNGANGUR	10
1.1 MARKMIÐ LEIÐBEININGANNA	11
1.2 SJÁLFBÆRNI	11
1.3 INNIHALD LEIÐBEININGANNA	12
1.4 HVERNIG Á AÐ NOTA LEIÐBEININGARNAR	14
1.5 BAKGRUNNUR ARCHES VERKEFNISINS OG GERÐ LEIÐBEININGANNA	16
2. FORNLEIFARANNSÓKN	17
2.1 HVAD ER FORNLEIFARANNSÓKN?	17
2.2 ÁFANGAR FORNLEIFARANNSÓKNAR	17
3. HLOTVERK GAGNAVÖRSLU Í TENGLUM VIÐ FORNLEIFARANNSÓKN	19
3.1 HVAD ER FORNLEIFAFRÆÐILEGT GAGNASAFN?	19
3.2 HVAD ER FORNLEIFAFRÆÐILEG GAGNAVARSLA, HVENÆR Á HÚN SÉR STAÐ?	19
4. STAÐALL UM FORNLEIFAFRÆÐILEGA GAGNAVÖRSLU	20
4.1 SKILGREININGAR	20
4.2 SAMSETNING	20
4.3 MEGINREGLUR	21
4.4 ÁBYRGÐ	22
4.5 STAÐLAR FYRIR FORNLEIFAFRÆÐILEG GAGNASÖFN	22
5. LEIÐBEININGAR UM FORNLEIFAFRÆÐILEGA GAGNAVÖRSLU	24
5.1 ÁÆTLANAGERÐ	24
5.1.1 Uppbygging og einkenni gagnasafnsins í framtíðinni	24
5.1.2 Val í gagnasafnið	25
5.1.3 Öryggi gagnasafnsins og áætlanagerð um stjórnun neyðaraðgerða	26
5.1.4 Verk og tilföng	26
5.1.5 Ákvörðun um safngeymslu og skyldur hennar	27
5.1.6 Yfirfærsla á eignarhaldi og höfundarétti	27

5.2 GAGNASÖFNUN	27
5.2.1 Aðgengi tryggt að fornleifafræðilegu gagnasafni	27
5.2.2 Gildi og skiljanleiki upplýsinga	29
5.2.3 Myndun stöðugs gagnasafns	30
5.2.4 Neyðaráætlanir	31
5.2.5 Val og varðveisla	32
5.3 GREINING, SKÝRSLUGJÖF OG FLUTNINGUR GAGNASAFNSINS	32
5.3.1 Upprunalegum gögnum haldið heillegum þegar nýjar upplýsingar eru búnar til	32
5.3.2 Umsjón og meðferð funda við greiningu	33
5.3.3 Sérstök meðferð á líkamsleifum manna	33
5.3.4 Framkvæmd og þróun stefnu við val til geymslu	33
5.3.5 Gagnastjórnun	34
5.3.6 Undirbúningur á flutningi gagnasafnsins í viðurkennda eða trausta safngeymslu.	34
5.4 UMÖNNUN OG SAFNVARSLA GAGNASAFNSINS	35
5.4.1 Umönnun á gagnasafni í virkri notkun	36
5.4.2 Umönnun á gagnasafni sem ekki er lengur í virkri notkun	37
5.4.3 Geymsla gagnasafna í tímabundinni geymslu	37
5.4.4 Langtíma safnvarsla skjala- og gagnasafns	38
5.4.5 Langtíma safnvarsla fundasafns	40
6. GÁTLISTI FYRIR FORNLEIFAFRÆÐILEGA GAGNAVÖRSLU	43
6.1 SKILGREININGAR Á HLUTVERKUM STARFSFÓLKS RANNSÓKNAR	44
6.2 TAFLA MEÐ GÁTLISTA FYRIR GAGNAVÖRSLU	46
7. ORÐALISTI	55
8. HEIMILDASKRÁ	58

FORMÁLI



F.

frá forseta EAC

Eftir því sem fornleifafræði hefur þróast frá rannsóknum á einstökum hlutum yfir í flóknari greiningar á samhengi og vísindalegum niðurstöðum, hefur orðið til yfirgripsmikið gagnasafn sem inniheldur ritaða texta, teikningar, ljósmyndir og stafræn gögn. Fundasamsetningin hefur einnig orðið margbreytilegri þannig að auk venjulegra forngripa nær hún til ýmiskonar umhverfisleifa, úrgangs og alls kyns sýna sem tekin eru til nánari rannsóknar.

Frá upphafi hafa fornleifafræðingar borið ábyrgð á og skynjað mikilvægi varðveislu fundanna sjálfra en það leið nokkur tími þar til þeir fóru að átta sig á mikilvægi skrásetningargagnanna bæði sem frumgagna og vegna þess að þau eru oft það eina sem varðveitist frá tilteknum rannsóknarstað. Slíkt gagnasafn er því nauðsynlegt við gerð lokaskýrslu rannsóknar og við útgáfu á öðru efni síðar en það myndar einnig þekkingargrunn sem er bráðnauðsynlegur ef endurskoða þarf niðurstöður og túlkun í ljósi nýrra gagna sem fornleifafræðingar framtíðarinnar leiða fram.

Með auknum áhuga á fornleifafræði koma slík gögn einnig að notum fyrir aðra en fornleifafræðinga, til dæmis kennara og fræðimenn sem þurfa á myndefni að halda auk þess sem þau styðja við dreifingu efnis til almennings gegnum sýningar, ráðstefnur og útgáfustarfsemi. Þau eru einnig nauðsynleg uppspretta upplýsinga fyrir skipulagsyfirvöld.

Margar fornleifastofnanir og rannsóknarteymi hafa þróað sín eigin gagnaskráningarkerfi, stundum mjög háþrúð og einhver Evrópulönd hafa gefið út leiðbeiningar um hvernig halda á utan um gagnasafn en engar meginreglur eða heildarleiðbeiningar fyrir alla Evrópu hafa áður verið settar fram með formlegum hætti.

Árið 2008 ákvað Europae Archaeologiae Consilium (EAC) að taka til skoðunar ut anumhald á fornleifafræðilegum skráningargögnum. Vinnuhópurinn sem settur var saman af EAC í kjölfar þeirrar ákvörðunar leiddi saman allmarga sérfræðinga frá ýmsum aðildarríkjum og varð til þess að sett var á laggirnar ARCHES verkefnið sem naut stuðnings frá Menningaráætlun Evrópusambandsins 2007-2013 á vegum Framkvæmdastofnunar Evrópusambandsins á sviði menntunar, hljóð- og myndmiðlunar og menningar.

Höfundar þessa rits gera sér fulla grein fyrir að skipulag fornleifarannsókna og þjónustu innan hvers ríkis markast af sögu og af pólitísku og stjórnunarlegu skipulagi viðkomandi lands og ríkjandi efnahagsástands innan þess. “Staðallinn og Leiðbeiningarnar” miðast ekki við neitt sérstakt skipulag í málaflokknum en setja fram meginreglur sem fornleifafræðingar ættu að hafa í huga þegar þeir hefjast handa við fornleifarannsókn eða gera áætlun um heildarskipulagningu skjala vegna fornleifagagna sinna. Þar eru settar fram bestu starfsvenjur sem eiga við um allt gagnavörsluferlið, allt frá upphafi fornleifarannsóknar til þess að gagnasafnið er flutt í endanlega, fasta safngeymslu (e. repository). Þar er einnig að finna gátlista um öll málefni sem þarf að taka tillit til og gefur jafnframt hagnýtar, tæknilegar ráðleggingar.

Sérfræðipækking meðlima vinnuhópsins og persónulegur áhugi þeirra á þessu sviði hefur gert þeim kleift að semja eftirfarandi “Staðal og leiðbeiningar um bestu starfsvenjur við fornleifafræðilega gagnavörslu í Evrópu”. Þessar leiðbeiningar byggja á bestu núverandi þekkingu og setur viðmið um æskilegt gagnavörslukerfi fyrir fornleifarannsóknir sem EAC er stolt af að styðja við og dreifa. Við hvetjum aðildarlönd okkar að vinna að innleiðingu eða samþættingu þess í leiðbeiningar innan hvers lands þar sem það á við.

Stjórn EAC vill þakka öllum þeim fjölda sérfræðinga sem hafa varið tíma sínum í störf í vinnuhópnum og tekið þátt í ARCHES verkefninu við þróun þessara leiðbeininga sem eru án nokkurs vafa mjög mikilvægar og koma að góðum notum.

SAMSTARFSHÓPUR UM ARCHES



BELGÍA – Ann Degraeve, Concepción Ortigosa, Ministère de la Région de Bruxelles-Capitale, Direction des Monuments et des Sites

TÉKKLAND – Martin Kuna, Dana Křivánková, Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.

ÞÝSKALAND – Baden-Wuerttemberg – David Bibby, Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg im Regierungspräsidium Stuttgart (leiðandi aðili)
Sachsen-Anhalt – Bettina Stoll-Tucker, Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt

ÍSLAND – Sólborg Una Pálsdóttir, Minjastofnun Íslands

HOLLAND– Guus Lange, Carla Schulte, Henk Alkemade, Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed, Netherlands

SVÍÐJÓÐ – Annika Carlsson, Ylva Larsson, Riksantikvarieämbetet

BRETLAND – Duncan H. Brown, English Heritage og

SVISS – Aurélie R.v.Bieberstein, Cynthia Dunning, ArchaeoConcept (utanaðkomandi samstarfsaðili)

RÁÐGJAFAR VERKEFNISINS

HÖFUNDUR – Kathy Perrin, fyrir hönd og með ARCHES samstarfshópnum

ÞRÓUN VEFSÍÐU – Archaeology Data Service, York

SKRIFSTOFA VERKEFNISINS – Manuela Fischer, State Office for Cultural Heritage Management Baden-Wuerttemberg, Esslingen, Germany

STUÐNINGUR VIÐ VERKEFNIÐ – Sascha Schmidt, VS Consulting Team, Tübingen, Germany

ÞAKKIR

Þetta verkefni varð að veruleika með stuðningi Menningaráætlunar 2007-2013 Framkvæmdastofnunar Evrópusambandsins á sviði menntunar, hljóð- og myndmiðlunar og menningar.

ARCHES samtökin og aðalhöfundur vilja þakka eftirfarandi aðilum fyrir stuðning þeirra og framlag:

Stjórn Europae Archaeologiae Consilium (EAC) sem var drifkrafturinn í verkefninu og sem hefur haldið áfram að veita vel þegna leiðsögn þegar þess var óskað.

Office fédéral de la Culture (OFC) [Bundesamt für Kultur (BAK); Ufficio federale della cultura UFC)], Office fédéral de la protection de la population - Protection des biens culturels (OFPP / PBC) [Bundesamt für Bevölkerungsschutz - Kulturgüterschutz (BABS / KGS); Ufficio federale della protezione della popolazione - Protezione dei beni culturali (UFPP / PBC)] og Fondation Ernst Göhner [Ernst Göhner stiftung; Fondazione Ernst Göhner], svo og allmörgum stofnunum og söfnum í kantónum sem fjármöggnuðu þáttöku Sviss.

Fyrri meðlimum, höfundum og samstarfsmönnum vinnuhóps um fornleifafræðileg gagnasöfn sem hafa varið miklum tíma og sérfræðiþekkingu í að stuðla að því að ARCHES verkefnið næði markmiðum sínum, og einkum eiga eftirfarandi þakkir skildar:

Uggi Ævarsson, Kenneth Aitchison, Edward Bourke, Barbara Chevallier, Claire Driver, Catherine Hardman, Alena Knechtova, Dana Krivánková, Adrian Olivier, Rosy Phillipson, Jef Pinceel, Gabor Rezi-Kato, Bernard Randoin, Inge Roosens, Christian Runeby, Kristin Huld Sigurdardottir, Reka Viragos, Frederick van de Walle, Jorien de Wilde and Joanna Zieba.

1. INNGANGUR

Frásagnir fornleifafræðinnar af félagslegri, hagrænni og menningarlegri þróun fyrri tíma getur gefið lífi hvers og eins einstaklings nú á tímum merkingu og samhengi. Þær marka einstaklingnum stað í heildarþróun og sögu mannsins og gera honum kleift að takast á við stundlegt eðli mannlegrar tilvistar og eðli menningar sem afstæðs fyrirbæris.

Frásagnir fornleifafræðinnar eru byggðar á rannsóknarvinnu. Fornleifauppgröftur eyðileggur eigin gögn með því að fjarlægja hluti úr samhengi sínu. Þetta gerir fornleifafræðina sérstaka í samanburði við aðrar fræðigreinar. Athuganir á vettvangi verða ekki endurteknar og því þarf rannsóknarferlið við uppgröftinn að vera vandlega skráð og skjalfest.

Hlutir sem finnast við rannsóknirnar eru geymdir í gagnasöfnum, og yfirleitt en þó ekki alltaf ásamt skráningargögnum með upplýsingum um upprunalegar aðstæður þegar þeir fundust. Þessi skráningargögn eru oft nefnd hrá gögn eða frumgögn og til þeirra teljast uppdrættir af fundarstað, kort, gagnagrunnar með skrásetningu funda, skýrslur, ljósmyndir, niðurstöður greiningar á rannsóknarstofu o.s.frv. Þessi frumgögn ásamt hinum efnislegu fundum eru það næsta sem við getum komist að lífi fyrri kynslóða og sérstaklega fornra menningarsamfélaga sem áttu sér ekki ritmál. Þessi gögn og hlutir eru frumuppspretta fornleifafræðilegra upplýsinga. Þau eru sá mikilvægi fornleifafræðilegi arfur sem þarfnast verndar. Einungis þegar þessi arfur er varðveittur í heild sinni í gagnasafni er komandi kynslóðum kleift að nota gögnin til að skapa sínar eigin frásagnir.

Fornleifafræðingar rannsaka mannvistarleifar og aðstæður þeirra á fundarstað áður en þær eru fluttar í endanlegt gagnasafn. Niðurstöður rannsókna þeirra eru gefnar út í ritgerðum og greinum sem dreift er meðal annarra fræðimanna, hafðar til sölu opinberlega og gerðar aðgengilegar á ýmsan hátt. Niðurstöðurnar eru “frystar”, mótaðar á grundvelli þekkingar á hverjum tíma. Vísindamenn framtíðarinnar munu hafa fleiri gögn og upplýsingar undir höndum og líklegt er að endurmat og endurröðun upplýsinga úr fyrri rannsóknum muni eiga sér stað. Til að tryggja varanlega tilvist gagna úr fornleifarannsóknum og niðurstöðum sem dregnar eru af þeim er mikilvægt að fornleifafræðileg gagnasöfn séu aðgengileg, læsileg og skiljanleg komandi kynslóðum.

Varðveisla á útgefnu efni og aðgengi að því í bókasöfnum er vel skipulögð og háð alþjóðlegum stöðlum um skráningu



1. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg

2. © Riksantikvarieämbetet, Arvid Enqvist, 1915, Public domain

3. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

og birtingu. Geymsla funda í gagnasöfnum ásamt lýsandi skráningargögnum þeirra er ekki eins stöðluð. Þau vinnuferli sem notuð eru hafa iðulega mótast af venjum á hverjum stað og eru ekki háð reglum sem innlendar og alþjóðlegar stofnanir setja. Þetta hindrar aðgengi og endurnotkun tiltækra gagna í vísindalegum, menntunarlegum og stjórnunarlegum tilgangi.

Nú á tímum þarf fjölbreyttur hópur notenda aðgang að fornleifafræðilegum gagnasöfnum, t.d. fornleifafræðingar sem starfa við uppgröft bæði á vegum hins opinbera og einkaaðila, auk ýmissa annarra svo sem embættismanna er bera ábyrgð á stefnu í landnotkun á hverjum stað, landslagsarkitekta sem hafa í huga að bæta fornleifafræðilegu gildi við þróunarverkefni sín, almenna borgara í ýmsum tilgangi, og lögfræðinga sem deila um kröfur svo eitthvað sé nefnt. Þar sem fornleifafræðileg skráningargögn treysta á stafræna tækni í síauknum mæli hafa gagnasöfn fornleifa, ásamt bókasöfnum, orðið sífellt mikilvægari sem miðlægir geymslustaðir á þekkingu okkar á hinu liðna.

ARCHES verkefnið miðar að því að gera fornleifafræðileg gagnasöfn um alla Evrópu varanleg með því að veita leiðbeiningar um mótun aðgengilegra safna funda og skráningargagna í samræmi við viðurkennda staðla um meðferð þeirra þannig að þau séu tilbúin til endurnotkunar nú og í framtíðinni af öllum þeim sem hafa raunverulegan áhuga á liðnum tímum.

1.1 MARKMIÐ LEIÐBEININGANNA

Markmið *Staðals og leiðbeininga um bestu starfsvenjur* (hér eftir kallað “leiðbeiningarnar”) er að gera fornleifafræðileg gögn, upplýsingar og þekkingu tiltæk, stöðug, samræmd og aðgengileg núverandi og komandi kynslóðum. Fornleifafræðileg gagnasöfn innihalda efnislega hluti (gripi og sýni), skrár og gögn um hið liðna sem eru óbætanleg og geta auðveldlega skemmst og týnst. Rit þetta inniheldur staðal auk leiðbeininga um bestu starfsvenjur við fornleifafræðilega gagnavörslu. Hvort tveggja mun gera fornleifafræðingum kleift að skrásetja gripi og gögn sem eru niðurstöður af rannsóknum þeirra á tilhlýðilega hátt. Þar er fjallað um umhirðu og varðveislu gagnasafnsins bæði áður en það er sett í varanlega geymslu og síðar.

1.2 SJÁLFBÆRNI

Markmið leiðbeininganna er að samræma starfsaðferðir á gagnasöfnum um fornleifar í Evrópu til að auðvelda aðgengi og varðveislu þeirra. Þetta næst fram með því að móta staðla og bestu starfsvenjur um tilurð, söfnun, flutning og varðveislu



4



5

4. © Duncan H. Brown

5. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

fornleifafræðilegra gagnasafna sem eru sjálfbær og opin fyrir frekari þróun. Mikilvæg afleiðing af þessu verkefni er stjórnun sjálfbærra safngeymslna fyrir fornleifafræðileg gögn sem ýta undir notkun á þeim verðmætum sem þær hafa til varðveislu. Þegar leiðbeiningarnar hafa verið gefnar út er markmiðið að þær séu gagnlegar, í stöðugri endurskoðun og nothæfar og þær leggi þannig sitt af mörkum til að gera gagnasöfn fornleifa sjálfbær. Vinnuhópur EAC um fornleifafræðileg gagnasöfn mun hafa stjórn og umsjón með þessu. Leiðbeiningarnar eiga að:

ná til margra sviða

Vinnuhópur EAC um fornleifafræðileg gagnasöfn mun mynda tengsl milli fornleifafræði og annarra sviða menningararfleifðar, t.d. byggingararfsins og menningarlandslags en einnig efla tengsl við önnur verksvið svo sem varðveislu vísindagagna, söfn stafrænna gagna, tölvufræði og upplýsingafræði,

miðast við þátttakendur

Þær verða aðlagðar að eftirspurn frá hagsmunaaðilum og samfélögum,

byggja á stöðlum

Þær nýta sér og tengjast við alþjóðlega staðla í skjalavörslu og lýsingu á söfnum pappírsgagna og (háþróðu) stafrænu umhverfi.

Hægt er að hala niður stefnunni um sjálfbærni sem mótuð er af ARCHES samstarfsaðilunum í heild frá vefsetri ARCHES¹.

1.3 INNIHALD LEIÐBEININGANNA

Leiðbeiningarnar innihalda eftirfarandi:

Staðal fyrir fornleifafræðilega gagnavörslu

Staðallinn samanstendur af helstu meginreglum. Hann er sá staðal um vörslu og umhirðu fornleifafræðilegra gagna sem fornleifafræðingur eða stofnun sem sinnir einhvers konar starfsemi á sviði fornleifafræði þar sem gagnasafn myndast verður að fylgja.

Leiðbeiningar um fornleifafræðilega gagnavörslu

Leiðbeiningarnar taka meginreglur staðalsins og auka við þær með ítarlegri ráðleggingum um hvernig á að skrásetja gögn fornleifarannsóknna. Leiðbeiningarnar verða notaðar



6



7

6. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Klaus Bentele

7. © Duncan H. Brown

1. The European Archaeological Archiving Standards and Guidance: WP7 - Ensuring the Sustainability. <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>

Í öllum samstarfslöndunum í Evrópu við framkvæmd fornleifafræðilegrar gagnavörslu og þær eru hannaðar með tilliti til þess að þær séu notaðar samhliða nákvæmari stöðlum sem eru í samræmi við alþjóðlegar, landsbundnar, svæðisbundnar eða staðbundnar kröfur um starfshætti við fornleifastörf, forvörslu og safnvörslu. Þeim er ekki ætlað að koma í stað þeirra staðla sem þegar eru til staðar. Vonast er til að sem fordæmi um bestu starfsvenjur muni leiðbeiningarnar aðstoða við og gefa góð ráð um þróun ítarlegri innlendra staðla um skráningu fornleifa.



8

Leiðbeiningarnar eru hugsaðar sem handbók með upplýsingum um “hvernig á að fara að” þar sem fram koma bestu starfsvenjur sem nota skal við skráningu, umsjón og varðveislu fornleifafræðilegra gagnasafna. Það skal viðurkennt að þó sumar af þessum aðferðum séu eins og hefðbundin vinnubrögð fyrir suma þá geta þau verið utan seilingar fyrir aðra og þess vegna eru sett fram vinnubrögð sem fyrirmynd sem hægt er að taka upp með tíð og tíma. Vonast er til þess að leiðbeiningarnar muni efla þessa þróun með því að færa rök fyrir bættri aðstöðu eða vinnuferlum á hverjum stað eftir því sem nauðsyn krefur.

Gátlisti fyrir fornleifafræðilega gagnavörslu

Gátlistinn er í töfluformi og þar eru sett fram verkefni á sviði gagnavörslu eftir því sem rannsókninni vindur fram og starfsheiti þess eða þeirra sem myndu að jafnaði vinna slík verkefni svo sem verkefnisstjóri eða stjórnandi rannsóknar, gripasérfræðingur o.s.frv. Verkefni eru færð inn sem sértækir verkþættir. Þau eru tekin úr leiðbeiningakafnanum og starfstitlar starfsmanna eru einfaldlega stílfærð dæmi. Þó er hægt að nota töfluna sem handhægan gátlista um gagnavörslu fyrir þá sem eru ekki kunnugir gagnavörsluferlinu.



9

Leiðbeiningarnar ganga út frá því að enda þótt ferlið í fornleifarannsóknum sé í grundvallaratriðum það sama um alla Evrópu geta sértækari verkefni, verk, starfsmenn og ábyrgðarhlutar sem tengjast gagnavörslu fornleifa verið mismunandi frá landi til lands og ríki til ríkis. Ítarlegri stílsíður fyrir hvert land verða því bráðlega aðgengilegar á vefsetri ARCHES þar sem þessi verkferli og starfstitlar verða tilgreindir í takt við almenna starfshætti hjá innlendum, svæðisbundnum og staðbundnum stjórnsýslueiningum.

Enda þótt að við útgáfu leiðbeininganna muni stílsíðurnar aðeins verið formlega innleiddar í sjö löndum er vonast til þess að eftir því sem notkun þeirra verði almennari muni vinnuhópur EAC hafa samband við önnur lönd til að þau bæti

8. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, W. Hohl

9. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

við sínum eigin starfsháttum og felli þá inn í leiðbeiningarnar. Eyðublöð fyrir þetta er að finna á <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>

Bókaskrár um fornleifafræðilega gagnavörslu

Lokakaflinn inniheldur bókaskrá flokkaða eftir löndum, svæðum og ríkjum þar sem listaðir eru upp staðlar og leiðbeiningar um fornleifafræði, varðveislu fornleifa og forvörslu.

Einnig er vonast til þess að önnur lönd muni láta í té bókfræðilegar upplýsingar sem fella má inn í leiðbeiningarnar í framtíðinni.

1.4 HVERNIG Á AÐ NOTA LEIÐBEININGARNAR

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar öllum sem eru þátttakendur í fornleifarannsókn þar sem gagnasafn verður til og öllum þeim sem eiga hlut að umsjón og vörslu þessara gagnasafna hvort sem safnið samanstendur af tveimur blaðsíðum með lýsingu á fornleifarannsókn eða er safn gagna og efnislegra hluta af hinum margvíslegustu gerðum.

Það er viðurkennt að það verða alltaf til staðar ólíkar vinnuáðferðir og nálgun í fornleifafræði í hinum ýmsu Evrópulöndum. Til dæmis er sá háttur á í mörgum löndum og ríkjum að fundasafn rannsóknar er aðskilið í langtímageymslu frá skráningargögnum rannsóknarinnar en annars staðar er litið á fundasafnið sem óaðskiljanlegan hluta gagnasafnsins og söfnin eru alltaf geymd saman. Það er réttmætt og skynsamlegt að mismunandi aðferðir séu til staðar og ekki skal reynt í þessu riti að deila á eða reyna að breyta landsbundnum, svæðisbundnum, staðbundnum eða öðrum kerfum sem virka og varðveita gagnasafnið í góðu ástandi fyrir komandi kynslóðir. Leiðbeiningarnar leitast frekar við að setja fram reglur um bestu starfsvenjur, aðgerðir og verkefni sem varða fornleifafræðilega gagnavörslu sem geta nýst samhliða ítarlegri fornleifafræðilegum stöðlum og aðferðum sem eru fyrir hendi.

Hér er heitið “fornleifafræðingur” notað um alla þá sem koma að verkefnum á sviði fornleifafræði, t.d. starfsmenn á vettvangi og gripasérfræðinga, teiknara, ljósmyndara, forverði, mælingamenn og safnverði. Leiðbeiningarnar miðast jafnt við námsmenn og áhugamenn um fornleifafræði og þá sem sinna fornleifarannsóknum í atvinnuskyni. Leiðbeiningarnar eru einnig ætlaðar þeim sem taka þátt í eftirliti og umsýslu verkefna á sviði fornleifafræði.



10



11



12

10. © Riksantikvarieämbetet, Bengt A Lundberg, 1968, CC BY

11. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

12. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.

Víða er í leiðbeiningunum vísað til aðferða og staðla ýmissa stjórnsýslueininga og þar með geta talist lönd, ríki, landshlutar, kantónur, sýslur, borgir og bæir. Ekki er æskilegt að telja upp öll þau afbrigði í hvert sinn sem slíkar skilgreiningar eru settar fram. Orðin landsbundinn, svæðisbundinn og staðbundinn eru þess vegna notuð til að tákna landfræðilega aðskildar stjórnsýslueiningar af öllum gerðum.

Leiðbeiningarnar samanstanda af þremur meginhlutum og á eftir þeim kemur ritaskrá og orðalisti.

- Í staðlinum eru tilgreindir staðlar sem allir skulu uppfylla sem eru þátttakendur í hinu fornleifafræðilega gagnavörslu-ferli. Honum er ætlað að mynda flokk staðla sem innleiddir yrðu af öllum aðilum á sviði fræðimennsku, stjórnvalda, framkvæmda, verkbeiðna, faggreina og eftirlits innan fornleifafræðinnar.
- Hlutverk leiðbeininganna er að vera leiðsögn fyrir fornleifafræðinga, hvert sem hlutverk þeirra er, um ábyrgð þeirra gagnvart gagnasafninu alveg frá upphafi fornleifarannsóknar til lokaáfangna, sem er langtíma vistun í safngeymslu. Leiðbeiningarnar fylgja því rökrétta ferli og tímaröð sem flest eða öll fornleifafræðileg verkefni fylgja öllu jafnan. Þar er lýst verklagi sem rétt er að fara eftir til að mynda stöðugt, skipulagt, samhangandi og aðgengilegt fornleifafræðilegt gagnasafn.
- Í gátlista fyrir fornleifafræðilega gagnavörslu er sett fram hvers kyns verkþætti hver einstakur aðili að fornleifarannsókn ætti að taka að sér í hverjum áfangna verkefnisins. Allir sem eiga hlutdeild að fornleifarannsókn, hvort sem það er vinna á vettvangi, í rannsóknarstofu eða á skrifstofu eða á hvaða sérfræðisviði sem er ættu að geta athugað stílsíðurnar (hægt verður að hala niður mismunandi útgáfum fyrir lönd og ríki af netinu)² til að sjá hvenær og hvernig þeir þurfa að fylgja gagnavörsluferlinu á tilteknum stað í verkefninu.



13



14

13. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

14. © Minjastofnun Íslands, Íslands kulturarvstýrelse

2. <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>

1.5 BAKGRUNNUR ARCHES VERKEFNISINS OG GERÐ LEIÐBEININGANNA

Þetta rit hefur verið unnið að tilstilli Europae Archaeologiae Consilium (EAC)³ og er árangurinn af vinnu sem unnin var af sjö fulltrúum aðildarfélaga frá sex löndum innan Evrópusambandsins ásamt einum fulltrúa frá Íslandi og tveimur fulltrúum frá utanaðkomandi samstarfsaðila frá Sviss. Útgáfa þess var styrkt af Menningarmálaáætluninni.⁴

EAC hélt málþing í Metz árið 2008 um fornleifafræðilega gagnavörslu og þar kom fram að mörg aðildarlönd áttu við sömu vandamál að stríða. Þau málefni sem talin voru mest áriðandi voru: ólíkar aðferðir við skráningu fornleifagagna og gerð nýtanlegra samræmdra skráninga; setning staðla um stafræna skráningu og viðhald þeirra; að halda við góðum starfsvenjum við umsjón gagna til að tryggja áframhaldandi varðveislu, öryggi, dreifingu og aðgengi upplýsinga og efnis á sviði fornleifafræði í samræmi við Valetta-samninginn frá 1992.⁵ Samþykkt var samhljóða að nauðsynlegt væri að þróa evrópskar leiðbeiningar og heildarstaðal fyrir fornleifafræðilega gagnavörslu.


Vinnuhópur EAC um fornleifafræðilega gagnavörslu var stofnaður árið 2008 og þegar honum hafði verið veittur styrkur úr Menningaráætlun 2007-2013 árið 2012 var hafist handa við ARCHES verkefnið. Því er nú lokið með útgáfu þessara leiðbeininga. Leiðbeiningarnar eru byggðar á stöðlum og leiðbeiningum sem fyrir eru og hafa verið uppfærð og endurbætt með samráðs og vinnufundum í samstarfslöndunum á árinu 2013.

Nálgast má nánari upplýsingar um leiðbeiningarnar og tengd skráningargögn svo og eintök á tungumálum einstakra landa á vefsetri ARCHES: <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>. Tengil á vefsetrið er einnig hægt að finna á ARCHES síðu vefseturs EAC <http://www.european-archaeological-council.org/13-0-Archives.html>

3. <http://www.european-archaeological-council.org/>

4. Menningaráætlun 2007-2013, deild 1.2.1: samstarfsaðgerðir, Samningur nr - 2012-1399/ 001- 001

5. European Convention on the Protection of the Archaeological Heritage (Revised), Valetta, 16.1.1992 <http://conventions.coe.int/Treaty/en/Treaties/Html/143.htm>



15. © English Heritage

16. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, O. Braasch

2. FORNLEIFARANNSÓKN

2.1 HVAÐ ER FORNLEIFARANNSÓKN?

Í leiðbeiningunum er hugtakið “fornleifarannsókn” notað um hvers konar starfsemi á sviði fornleifafræði þar sem gagnasafn verður til.

Almennt er litið svo á að fornleifarannsókn sé tímabundið verk sem unnið er til að mæta fyrirfram tilgreindum markmiðum og tilgangi þar sem farið er eftir tímaáætlun og lokadagsetningu, tiltekin afurð afhent og með ákveðið umfang og aðföng. Oftast er verkefnisstjóri fenginn að verkinu og það er unnið af einum eða fleiri einstaklingum sem leiddir eru saman í þeim sérstaka tilgangi. Hugtakið rannsókn er þess vegna notað í leiðbeiningunum þar sem það hentar fyrir þá starfsemi innan fornleifafræðinnar þar sem stefnt er að því að ljúka tilteknum verkefnum sem hafa ákveðið markmið.

Skilgreiningu á fornleifarannsókn má finna í kafla 4.1.

2.2 ÁFANGAR FORNLEIFARANNSÓKNAR

Helstu áfangar fornleifarannsóknar eru notaðir í þessum leiðbeiningum til að lýsa gagnavörsluferlinu. Þeir eru skilgreindir sem hér segir:

Áætlanagerð

Byrjunar- eða upphafsáfangi, það tímabil þegar: skjöl eins og grunnrög og hönnun verkefna, tilboð, vinnuskilgreiningar og aðferðafræði verða til; tilgangur og markmið eru skilgreind; lýsing gerð á umfangi, áföngum, afurðum og verkum verkefnisins; verkefnishópur tilnefndur, öflun ráðgjafar sérfræðinga og skipting fjármuna; ákvörðun verkferla fyrir tímabundna umsjón og varðveislu til lengri tíma; samþykkt endurskoðunaráætlan og samskipta, áætlanagerð um áfallastjórn og heilsu- og öryggisvernd. Í þessum áfanga verður gagnasafnið til og samantekt þess hefst.

Söfnun gagna

Í fornleifafræðinni er þessi áfangi oft notaður til að lýsa vinnu á vettvangi en í leiðbeiningunum merkir söfnun gagna þann áfanga verkefnisins þegar söfnun á fornleifafræðilegum gögnum og/eða efnislegum hlutum (gripum og sýnum) fer fram. Þetta er áfanginn þar sem staðreyndagögn eru skráð með lágmarkstúlkun, hvort sem fornleifafræðingurinn vinnur að frumrannsóknnum á vettvangi, á skrifstofunni, í rannsóknarstofunni eða í geymslum.



17



18

17. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt

18. © Riksantikvarieämbetet, Nils Åzelius, 1929, Public domain

Greining, skýrslugjöf og flutningur gagnasafnsins


Þessi áfangi heitir almennt úrvinnsla (e. post-excavation) en rétt er að taka fram að ekki fela allar fornleifarannsóknir í sér uppgröft, t.d. húsa- og mannvirkjaskráning, fornleifaskráning og greining á gripum og hefur þessum áfanga því verið gefið nýtt heiti í samræmi við það. Greining felur í sér ítarlegri og markvissari skráningu og túlkun, hvort heldur um er að ræða gögn funda, samsöfn funda (e. finds assemblage) eða niðurstöður úr fjarkönnunum. Þær skráningar sem verða til, svo sem gögn og myndir bætast við gagnasafnið.

Þessum áfanga lýkur venjulega með lokaskýrslu. Mismunandi greiningar geta haft í för með sér að nokkrar skýrslur verði til og sumar þeirra eru teknar inn í lokaskýrsluna. Viðurkenning allra þessara skýrslna sem hluta af gagnasafni rannsóknarinnar er mikilvægur þáttur í því að búa til aðgengilega gagnaveitu.

Þegar greiningu og skýrslugerð er lokið má búast við því að ekki verði til nein ný gögn, efnislegir hlutir (gripir) eða sýni í rannsókninni og gagnasafn rannsóknarinnar er tekið saman og undirbúið til flutnings í safngeymslu þar sem það verður varðveitt til frambúðar.

Umsjón og varðveisla

Í varðveislu felst að efnisgögn gagnasafnsins haldist stöðug, örugg og aðgengileg til lengri tíma. Þetta er viðvarandi ferli sem ætlað er að sjá til þess að hið fornleifafræðilega gagnasafn haldist óskert eftir að rannsókninni er lokið en umsjón allra einstakra hluta safnsins er ferli sem þarf að hefjast við upphaf rannsóknarinnar, frá þeim tíma sem skráningargögn verða til eða söfnun efnislegra hluta (gripa og sýna) hefst. Allt fornleifafræðilegt efni eða gögn sem er búin eru til eða safnað frá upphafi rannsóknarinnar þarf að fá tímabundna umhirðu þar til flutningur fer fram í langtíma varðveislusafn eða safngeymslu. Umhirða þeirra eininga/þátta sem valdir hafa verið til varðveislu er aðgerð sem er eins og þráður í gegnum allt verkefnið og nær til bæði tímabundinnar umönnunnar og langtíma varðveislu gagnasafnsins.



19. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed
20. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.
21. © Duncan H. Brown

3. HLUTVERK GAGNAVÖRSLU Í TENGLUM VIÐ FORNLEIFARANNSÓKN

3.1 HVÆÐ ER FORNLEIFAFRÆÐILEGT GAGNASAFN?

Hvarvetna í leiðbeiningunum eru heitin “fornleifafræðilegt gagnasafn” eða “gagnasafn” notuð til að lýsa hvers konar skrá, skjölum og efnislegum hlutum (fundum) sem verða til í fornleifarannsókn og valin eru til geymslu í gagnasafni. Skilgreiningu á fornleifafræðilegu gagnasafni má finna í kafla 4.1.

Það er almennt viðurkennt að **gagnasöfn** úr fornleifarannsóknnum falla ekki beinlínis að almennum skilningi á hugtakinu “gagnasafn” þar sem í flestum tilfellum blandast saman skráningargögn og fundasöfn, ef ekki á sama stað þá alltaf vegna sameiginlegra tengsla (þar sem fundasafn er geymt aðskilið frá skráningargögnum en er með fullkomnar millivísanir). Þó þetta hugtak sé ekki fullkomið og orðanotkunin geti verið ólík milli landa er það samt hentugasta og viðurkenndasta hugtakið í þessu tilviki.

3.2 HVÆÐ ER FORNLEIFAFRÆÐILEG GAGNAVARSLA, HVENÆR Á HÚN SÉR STAÐ?

Fornleifafræðileg gagnavarsla er ferli sem er sífellt í gangi og hefst strax þegar áætlun er gerð um fornleifarannsókn. Skráningargögn úr fornleifarannsókn og efnislegir hlutir (gripir og sýni) sem bæta upplýsingum við þekkingarsjóð mannsins eru valin til geymslu í gagnasafni eftir því sem verkefninu vindur fram og halda ætti utan um þau í samræmi við staðalinn og leiðbeiningarnar sem fram koma í þessu riti og einnig í samræmi við nákvæmari alþjóðlega, innlenda, svæðisbundna og staðbundna staðla þar sem það á við. Myndun gagnasafns og stjórn þess eru ekki eitthvað sem gerist í lok verkefnis þegar flutningur í safngeymslu er á næsta leiti, þetta er ferli sem viðheldur og verndar alla einstaka þætti fornleifafræðilegs gagnasafns alveg frá upphafi.



22



23



22. © Minjastofnun Íslands, Islands kulturarvstyrelse

23. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

4. STAÐALL UM FORNLEIFA- FRÆÐILEGA GAGNAVÖRSLU

4.1 SKILGREININGAR

Fornleifafræðilegt gagnasafn nær yfir alla efnislega hluti sem finnast við fornleifarannsókn og eru ætlaðir eru til varðveislu í lengri tíma, þar með teljast forngripir, vistminjar (e. ecofacts) og aðrar umhverfisleifar, úrgangur (e. waste products), vísindaleg sýni auk skriflegra og sjónrænna skráningargagna til dæmis á pappír, filmur og á stafrænu formi

Fornleifarannsókn er hvert það verkefni þar sem fram fer söfnun og/eða tilurð upplýsinga um jarðfastar fornleifar, samsafn jarðfastra fornleifa (fornleifaheildir) eða staka forngripi í hvers konar umhverfi svo sem á vettvangi, neðansjávar, á skrifborði eða á rannsóknarstofu. Dæmi um fornleifarannsókn eru: ágeng verkefni eins og uppgroftur, könnunarskurðir, framkvæmdaefirlit, söfnun forngripa á yfirborði og eyðileggjandi greining forngripa; minna ágeng verkefni svo sem fornleifaskráning eða hús- og mannvirkjaskráning, skráning úr lofti, fjarkönnun, rannsóknir sem ekki eru gerðar á vettvangi svo sem mat og skráning gripa eða gripasafna. Rannsóknir á eldri gagnasöfnum sem skilað hefur verið til langtíma varðveislu teljast einnig til fornleifarannsókna.

4.2 SAMSETNING

Fornleifafræðilegt gagnasafn samanstendur af tveimur þáttum:

- skjala- og gagnasafni sem inniheldur skrár og tengd skráningargögn sem myndast við framvindu fornleifarannsókna.
- fundasafn sem samanstendur af gripum og sýnum sem þeim tengjast.

Skjala- og gagnasafn

Skjala- og gagnasafn getur samanstaðið af:

- teikningum, ljósmyndum, skrifuðu og prentuðu efni á pappír.
- Teikningum á filmu.
- Ljósmyndum á filmu, skyggnum, röntgenmyndum, myndböndum og örfilmum.
- Stafrænum skráum á hörðum diskum eða færanlegum geymslum.



24



25



26

24. © Riksantikvarieämbetet, CC By

25. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg

26. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Gert Pie

Skjala- og gagnasafnið getur innihaldið:

niðurstöður greininga, vektorskrár (CAD), efnislista, bréfaskipti, samninga, gagnagrunna, greiningu á stafrænum loftljósmyndum, hæðarmælingar, gagnasöfn frá uppgreftri, jarðeðlisfræðileg eða önnur mælingagögn, GIS skrár, myndir, kort, athugasemdir, minnisbækur, myndir af hlutum, yfirlitsteikningar, formlega reikninga, skrár, skýrslur, gervitunglamyndir, töflur úr töflureikni, sniðteikningar, ljósmyndir af uppgreftri, tæknilýsingar, textaskrár, þrívíddargögn.

Fundasafn (gripir og sýni)

Fundasafn getur innihaldið:

- Gripi svo sem leirker, leirflísar, höggvinn stein, gler, málmsmíði, útskorin bein, leður og textíl.
- Vistminjar (e. ecofacts) eða náttúruleifar svo sem bein dýra og plöntur.
- Úrgang (e. waste products) eins og gjall, málmhrúður og afskorninga.
- Efni sem fengin eru úr vísindalegri sýnatöku, oft afleiðing af greiningu á rannsóknarstofu svo sem umhverfissýni, sneiðmyndasýni, örgögn af steingervingum, steypumót.
- Líkamsleifar manna, sem kunna að þurfa sérstaka meðferð í samræmi við innlenda, svæðisbundna og staðbundna staðla og lagasetningu.

4.3 MEGINREGLUR

1. Öllum fornleifarannsóknnum skal lokið með stöðugu, skipulegu og aðgengilegu gagnasafni.
2. Það þarf að vera öllum ljóst að allir þættir fornleifarannsóknar hafa áhrif á gæði gagnasafnsins sem myndast vegna þess.
3. Staðla og aðferðir við myndun, val, stjórnun, söfnun og flutning gagnasafnsins þarf að samþykkja og skjalfesta við hönnun sérhverrar fornleifarannsóknar og allir þeir sem við rannsóknina starfa þurfa að gera sér grein fyrir þeim.
4. Það er stöðug vinna að tryggja öryggi og stöðugleika gagnasafnsins og á ábyrgð allra viðkomandi aðila.
5. Gagnasafnið í heild þarf að vera þannig samsett að það varðveiti tengsl á milli einstakra þátta og auðveldi aðgengi að öllum hlutum þess til framtíðar.
6. Fornleifarannsókn er ekki lokið fyrr en gagnasafnið hefur verið flutt í viðurkennda safngeymslu og er að fullu aðgengilegt til skoðunar.



27. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.

28. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

29. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

4.4 ÁBYRGÐ

Stjórnandi fornleifarannsóknar eða verkefnisstjóri ber ábyrgð á að gagnasafnið sé unnið og samsett í samræmi við staðalinn sem lýst er í þessu riti.

Hver og einn þátttakandi í fornleifarannsókn eða verkefnishóp ber ábyrgð gagnvart gagnasafninu og þurfa þeir að ganga úr skugga um að það sé myndað og samsett í samræmi við viðurkennda staðla, notaðar séu samræmdar aðferðir og ekki sé nein óþarfa hætta á skemmdum eða tapi.

Þegar flutningi gagnasafnsins er lokið er það á ábyrgð safngeymslunnar sem tekur við því að tryggja að gagnasafnið sé geymt í samræmi við viðurkennda staðla fyrir varðveislu til langs tíma, skráning þess sé samkvæmt viðurkenndri innri málsmeðferð og það sé aðgengilegt til skoðunar.

4.5 STAÐLAR FYRIR FORNLEIFAFRÆÐILEG GAGNASÖFN

Þessum stöðlum er ætlað að eiga við um alla hluta gagnasafnsins og öll þrep hins fornleifafræðilega ferlis, allt frá áætlanagerð til varðveislu á endanlegum niðurstöðum eða lokaafurð.

Almennir staðlar

1. Alla hluta gagnasafnsins þarf ávallt að meðhöndla varlega og fara skal með þá, búa um og geyma við aðstæður sem draga sem mest úr hættu á skemmdum, hrörnun, rýrnun og þjófnaði.
2. Alla hluti gagnasafnsins skal auðkenna eða merkja með sérstöku auðkenni sem tengist fornleifarannsókninni og/eða safngeymslu þess.
3. Gagnasafnið þarf að vera þannig skipulagt að það varðveiti samhengistengsl milli skrásetningar og einstakra efnislegra hluta (funda) í safninu.
4. Valforsendur og aðferðir þurfa að vera vandlega skráðar og þær þurfa að fylgja með í gagnaskrá verkefnisins.
5. Langtímageymsla þarf að stuðla að verndun, öryggi og aðgengi safnsins.

Sértækir staðlar

Safn skráningargagna

6. Skrá þarf og stofna allar tegundir gagna samkvæmt samræmdum, viðurkenndum stöðlum um efni, form og skrárheiti og nota skal viðurkennt orðalag.

Grabungsnummer 2008-2	
Fundort Sl	Jahr 11 F
Quadrat 537/126	Yq 6
Fundnummer 1270	
Signatur CW	Foto <input type="checkbox"/>
	Zeichnung <input type="checkbox"/>
	Katalog <input type="checkbox"/>
Befund 4.6 Tonarfrag	

30



31

7. Nota þarf viðurkennd, stöðug efni eða miðla við gerð hliðrænna (e. analogue) gagna, hvort sem þau eru skrifleg eða á myndformi.
8. Athuga skal öll upprunaleg gögn, meðal annars þau sem urðu til með stafrænum hætti með tilliti til þess hvort þeim skuli bætt við gagnasafnið.

Pappír

9. Raða þarf öllum skriflegum gögnum í rétta röð áður en þau eru flutt í safngeymslu, t.d. þarf að búa um allar teikningaskrár saman í blaðsíðuröð.

Sjónræn gögn

10. Allar teikningar og ljósmyndir þurfa að gefa upp myndefnið og þar sem það á við, sýna mælikvarða og stefnu í norður eða tilgreina staðsetningu/stefnu á annan hátt.
11. Nota skal miðla sem henta til langtímageymslu á upprunalegu formi til að varðveita ljósmyndir sem ekki verða endurgerðar eða endurtekna, t.d. myndir sem teknar eru við uppgröft.

Stafræn gögn


12. Áætlun um stafræna öryggisafritun verður að vera til við upphaf verkefnisins og skal notast við hana meðan á verkefninu stendur.
13. Skrásetja þarf fullkomlega myndun stafræns gagnasafns með upplýsingum um t.d. hugbúnaðinn sem notaður er, stýrikerfi, vélbúnað, dagsetningar, þá sem bjuggu til safnið, gagnasvæðislýsingar og merkingar allra kóða.
14. Flutningsmiðlar og miðlar til skammvistunar (t.d. minnislyklar) henta ekki fyrir varðveislu stafræns gagnasafns til lengri tíma og aðeins ætti að notast við þá til að leggja inn stafrænt efni til endanlegs gagnasafns.
15. Allar stafrænar skrár og flutningsmiðlar verða að vera lausir við veirur áður en þær eru afhentar í varanlegar gagnahirslur/safngeymslur.
16. Taka þarf saman stafræna atriðaskrá yfir gagnasafnið og leggja hana inn á stafrænu formi ásamt hinu stafræna gagnasafni.
17. Langtímaavistun þarf að vera á varanlegum netþjónum sem eru afritaðir reglulega og uppfæra þarf allan hugbúnað og vélbúnað og gögnin sem eru vistuð í gagnasafninu eftir þörfum. Uppfærsla vélbúnaðar og hugbúnaðar og yfirfærsla gagna þarf að vera vandlega skrásett.



32



33



34

32. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Andrea Hörentrup

33. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

34. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.

18. Hið stafræna gagnasafn þarf að vera vistað í vottaðri gagnahirslu⁶ (e. Trusted Digital Repository) þar sem það er varðveitt, viðhaldið til frambúðar og gert aðgengilegt.

Fundasafn (gripir og sýni)

19. Þrífa skal alla fundi og/eða verja þá eftir því sem við á, í samræmi við viðurkennda staðla og með því að nota samræmdar aðferðir til að tryggja að þeir endist til frambúðar.
20. Auðkenna skal alla fundi eða merkja eftir því sem við á með auðkennum og samhengis þeirra og þar sem það á við, einstöku auðkenni hvers hlutar.

5. LEIÐBEININGAR UM FORNLEIFAFRÆÐILEGA GAGNAVÖRSLU

Þessi kafli fjallar um bestu starfsvenjur við fornleifafræðilega gagnavörslu gegnum alla áfanga fornleifarannsóknar. Vinnutilhögurinn sem hér fer á eftir ætti að vera kunnugleg öllum þeim sem tekið hafa þátt í fornleifarannsókn en aðgerðirnar og verkefni sem hér er lýst eru sértæk fyrir myndun, söfnun, flutning og varðveislu á stöðugu, samfelldu, aðgengilegu og endurnýtanlegu gagnasafni.

Fyrst er gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem varða gagnavörslu á hverjum áfanga rannsóknarinnar og síðan eru verkin sem eiga við þessar meginreglur sett fram í punktmerktum lista.

5.1 ÁÆTLANAGERÐ

Í þessum áfanga verða til skráningargögn í tengslum við rannsóknina þar sem fram kemur tilgangur og markmið rannsóknarinnar og tilgreint það starfslið, áætlanir, tímatöflur, verkefni og tilföng sem nauðsynleg eru til að rannsóknin geti átt sér stað.

Í þessum áfanga eru teknar ákvarðanir um hvaða kröfur skuli gerðar til skrásetningar rannsóknarinnar sem hér segir:

5.1.1 Uppbygging og einkenni gagnasafnsins í framtíðinni

Samkomulag ætti að vera um uppbyggingu og einkenni hins væntanlega gagnasafns og allir sem koma að rannsókninni ættu að gera sér grein fyrir þessu, þar með talið um væntanlegt

6. Sjá <http://tos.sky.is/word/eng/6625/>.



35. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Ralf Schwarz

36. © Minjastofnun Íslands, Íslands kulturavvísstyrelse

endanlegt innihald gagnasafnsins og umsýslu þess (kafla 4.3). Setja þarf staðla fyrir skráningargögn rannsóknarinnar (t.d. einingaskrár (e. context records), gripaskrár, flatarteikningar) svo og hvernig þeir skuli myndaðir bæði á stafrænu og hliðrænu (e. analogue) formi; hvaða miðlar skuli notaðir og þá verkferla sem fara þarf eftir til að tryggja samfellda skráningu, t.d. stafræn skjalaform, heiti skjala og flokkunarkerfi, reglur um lýsigögn og geymslumiðla. Þar sem til staðar eru staðlar og hefðir í alþjóðlegum, svæðisbundnum, staðbundnum eða sérfræðilegum leiðbeiningum ber að fara eftir þeim.

- Skilgreina skal samsafn efnislegra hluta (gripa og sýna) sem vænst er að verði til og þær verklagsreglur er viðkoma gagnavörslu sem fara skal eftir við greiningu, skráningu og utanumhald þeirra. Meðal annars ætti að koma fram hvaða handbækur ætlunin sé að styðjast við, og hvaða kröfur séu gerðar um umbúðir, tímabundna geymslu, meðferð gripa og sýna.
- Fara skal eftir alþjóðlegum, innlendum, svæðisbundnum, staðbundnum stöðlum um geymslu og/eða safnvörslu á fornleifafræðilegum gagnasöfnum, ef þeir eru til staðar.

5.1.2 Val í gagnasafnið

Áætlun um val skal samþykkt þegar rannsóknin er skipulögð. Þar þurfa að koma fram viðmið um val á gögnum, skjölum, gagnaskrá og fundum (gripum og sýnum) sem bæta skal við gagnasafn rannsóknarinnar. Þar skal einnig taka fram hvað gert er við þá fundi sem ekki eru valdir í gagnasafnið. Setja þarf fram áætlun í samræmi við markmið rannsóknarinnar og umsýslu hennar (kafla 4.5). Taka þarf tillit til landsbundinna, svæðisbundinna eða staðbundinna rammaáætlana um rannsóknir og einnig söfnunarstefnu þess/þeirra sem tekur við gögnunum til langtíma varðveislu.

- Allir þættir gagnasafnsins, bæði skrár, skjöl og fundir (gripir og sýni) koma til greina til varðveislu í gagnasafninu hvenær sem er á líftíma rannsóknarinnar en eru háðir vali. Skrár ættu að vera undir útgáfustýringu (e: version control) og skýr stefna í umsýslu stafrænna gagna ætti að vera til staðar sem gerir eyðingu afrita eða óþarfra stafrænna skráa mögulega.
- Áætlun um val skal sett fram með aðkomu allra aðila verkefnishópsins, þar með taldir sérfræðingar og safnvörður safngeymslunnar eða geymslanna þar sem hið endanlega gagnasafn verður vistað.



37



38

37. © Riksantikvarieämbetet, Jacob Wilhelm Gerss, 1807, Public domain

38. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

5.1.3 Öryggi gagnasafnsins og áætlanagerð um stjórnun neyðaraðgerða

Mjög mikilvægt er að gerðar séu áætlanir um öryggismál og neyðaraðgerðir sem ætlað er að tryggja gagnasafnið og einstaka hluta þess gegn skemmdum eða tapi (kaflí 5.1, 5.3), og þær settar í framkvæmd. Slíkar áætlanir, sem gætu verið liður í áætlanagerð um áfallastjórn og heilsu- og öryggisvernd fyrir rannsóknina í heild, ættu að vera gerðar í skipulagsáfanga rannsóknarinnar.

- Tryggja þarf að í áætlun um stefnu í neyðaraðgerðum séu leiðir til að tryggja öryggi upplýsinganna sem eru í gagnasafninu, meðal annars að séð sé fyrir öryggisafritunum eða vistunarkerfi bæði fyrir hliðræn og stafræn gögn. Þar þarf að tilgreina þá staðla sem fylgja þarf til að gagnasafnið og þar með talið safn funda (gripa og sýna) séu mynduð, þeim safnað og þau vistuð til að hlífa þeim við skemmdum, víxlmengun, rýrnun eða þjófnaði.
- Nauðsynlegt er að tryggja að áætlun um neyðaraðgerðir taki til öryggis gagnasafnsins meðan það er á vettvangi/á uppgrafarstað, ef fundir (gripir og sýni) og upplýsingar eru flutt til, meðan á greiningu á skrifstofu/rannsóknarstofu stendur og meðan það er í tímabundinni geymslu. Neyðaráætlanir þurfa einnig að vera til staðar fyrir geymslustaði gagnasafnanna.

5.1.4 Verk og tilföng

Í skipulagsáfanga rannsóknarinnar fer fram greining og úthlutun á verkum og tilföngum þess og það er mikilvægt að tekið sé tillit til þarfa gagnavörslu í þessum áætlunum (kaflí 4.4).

- Við mótun áætlunar um rannsóknina þyrfti að gera ráð fyrir verkefnum og aðgerðum á sviði gagnavörslu og gerð tímaáætlunar um þau. Fella þarf inn í rannsóknaráætluna mikilvæga áfanga í gagnavörslu, til dæmis gerð samninga við landeigendur, samninga um höfundarrétt og yfirfærslu á eignarhaldi, eða skilyrði fyrir vistun í gagnasafninu og taka þarf tillit til vandamála varðandi tímasetningu sem kunna að hafa áhrif á þessa áfanga.
- Hæfir og reyndir sérfræðingar svo sem forverðir skulu hafðir með í ráðum til að tryggja að fullnægjandi tilföng séu til staðar til að gera gagnasafnið skipulagt, í því sé innra samræmi, það sé aðgengilegt, stöðugt, öruggt og því sé sinnt á fullnægjandi hátt frá upphafi rannsóknarinnar þar til gagnasafnið er tryggt komið í viðurkennda safngeymslu.



39



40



41

39. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, A. Müller

40. © English Heritage

41. © Minjastofnun Íslands, Islands kulturarvstyrelse

5.1.5 Ákvörðun um safngeymslu og skyldur hennar

Sé ekki mælt fyrir um það í innlendum, svæðisbundnum eða staðbundnum lögum eða reglugerðum hvar geyma skuli gagnasafnið þarf að tilgreina safngeymslu (e. repository), eina eða fleiri, og þær þurfa að vera þátttakendur í rannsókninni frá upphafi þannig að hægt sé að tryggja framtíð hins endanlega gagnasafns og að gagnasafnið sé sett saman í samræmi við kröfulýsingu geymlustaðarins. Mikilvægt er að tryggja að farið sé eftir innlendum, svæðisbundnum eða staðbundnum reglugerðum sem eiga við um gagnasafn rannsóknarinnar og að þeim sé lýst í rannsóknaráæltun.

- Tryggja þarf að bæði hið hliðræna gagna- og skjalasafn og fundasafn (gripa og sýna) séu flutt á safngeymslu eða -geymslur sem eru viðurkenndar í samræmi við innlendar, svæðisbundnar eða staðbundnar vottunarreglur (kafli 4.3.6) og að stafræna gagnasafnið sé vistað í vottaðri stafrænni gagnahirslu (e. Trusted Digital Repository) (kafli 4.5.18). Allir geymlustaðir þurfa að samrýmast innlendum, svæðisbundnum eða staðbundnum stöðlum um varðveislu og gott aðgengi fyrir alla notendur í framtíðinni.
- Tryggja þarf að starfsmenn geymlustaðarins taki þátt í undirbúningsferli rannsóknarinnar frá upphafi.

5.1.6 Yfirfærsla á eignarhaldi og höfundarétti

Eignarhaldsréttur á gagnasafninu og málefni varðandi höfundarrétt eru flókin og ekki er hægt í þessum leiðbeiningum að fara út í nánari smáatriði þar sem þá þyrfti að fjalla um innlend lög og verkferla allmargra Evrópulanda. Þó eru nokkur meginatriði almennt í gildi.

- Skýra þarf og gera samkomulag um höfundarétt og yfirfærslu á eignarhaldi þar sem það á við í undirbúningsáfangaverkefnisins. Ef einhver deiluefni um höfundarétt eða yfirfærslu á eignarhaldi hafa áhrif á gagnasafn rannsóknarinnar er mikilvægt að ganga úr skugga um að leyst sé úr þeim í samræmi við innlenda, svæðisbundna eða staðbundna lagasetningu.

5.2 GAGNASÖFNUN

Í þessum áfanga rannsóknarinnar er áætlanagerðinni hrint í framkvæmd og söfnun hafin á fornleifafræðilegum gögnum, annað hvort á vettvangi eða annars staðar.

5.2.1 Aðgengi tryggt að fornleifafræðilegu gagnasafni

Starfsmenn og sérfræðingar rannsóknarinnar þurfa að hafa aðgengi að innihaldi gagnasafnsins bæði meðan á rannsókninni stendur og að því loknu. Því er mikilvægt að skrásetja,



42



skipuleggja og gera atriðaskrá yfir gögn og fundi (gripi og sýni) í gagnasafninu til að það sé ávallt skiljanlegt og aðgengilegt (kaflí 4.3). Eftirfarandi atriðum þarf að sinna allan líftíma verkefnisins og skulu skráningargögnin vegna þeirra einnig verða hluti gagnasafnsins.

- Auðvelt þarf að vera að finna sér leið í gegnum alla hluta safnsins. Gera skal fullkomna atriðaskrá um safnið og byrja á heildarskrá yfir allt innihald þess sem síðan leiðir áfram til frekari skrásetningar á einstökum atriðaskráum þess svo sem einingaskrár (e. context records), lista yfir gripi og teikningar.
- Útbúa ætti samantekt um rannsóknina þar sem rannsakendum eru kynnt markmið og tilgangur, umfang, staðsetning, innihald og ætlaðar niðurstöður rannsóknarinnar eða þær niðurstöður sem þegar eru komnar. Tilgreina þarf tengla við fyrri verk sem unnin hafa verið í tengslum við rannsóknina/vettvanginn. Uppfæra skal yfirlitið og hafa það heildstætt þar til rannsókninni er lokið og gagnasafnið komið á endanlegan geymslustað.
- Í skráningargögnum rannsóknarinnar ætti að gera grein fyrir hvernig og hvers vegna fornleifafræðilegar skrár og samsafn funda (gripir og sýni) urðu til, söfnun þeirra, val og greining. Þar ætti einnig að vera að finna upplýsingar svo sem um skráningaraðferðir og áætlanir um sýnatöku. Þetta er mjög nauðsynlegt tæki bæði fyrir þá sem safna gögnum svo og sérfræðingana sjálfa. Þetta auðveldar gagnastjórnun⁷ meðan á rannsókninni stendur og auðveldar eftirvinnslu eða rannsókn á gagnasafninu eftir að henni lýkur⁸.
- Notkun lýsigagna er nauðsynleg til að tryggja aðgengi að hinu stafræna gagnasafni. Lýsigögn veita samandregnar upplýsingar um stafræna skrá eða gagnasett til að gera notanda auðvelt að nálgast og nota upplýsingar, eða ákveða hversu gagnlegar upplýsingarnar séu honum.
- Þegar um er að ræða stafræn gögn, þá er mikilvægt að fylgja alþjóðlegum lýsigagna-stöðlum⁹ til að tryggja að upplýsingar séu skiljanlegar og endurnýtanlegar fyrir bæði

7. Varðandi bestu starfsvenjur um stjórnun stafrænna gagna sjá <http://Guides.archaeologydataservice.ac.uk/>

8. Dæmi um skráningargögn eru t.d.; verkefnishönnun, skriflegar rannsóknaráætlanir o.s.frv. og endurskoðun, skráningarkerfi og tækni, áætlanir um val og sýnatöku, handbækur sem notaðar eru, flokkunarkerfi í notkun svo sem númera- eða auðkenningarkerfi og þýðingar á kóðum eða skammstöfunum

9. Dublin Core Metadata Initiative: <http://dublincore.org/> sjá einkum <http://dublincore.org/documents/docs/> um sett grunnþátta. CIDOC Conceptual Reference Model, www.cidoc-crm.org. The Inspire Directive, <http://inspire.jrc.ec.europa.eu>



43



44

43. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

44. © Minjastofnun Íslands, Íslands kulturavsstyrelse

fólk og tölvur. Stundum getur verið erfitt að velja þann lýsigagna-staðal sem hendar gögnum best. Aðstandendur rannsóknarinnar ættu að vinna náið með fulltrúa vottaðrar stafrænnar gagnahirslu (e: Trusted Digital Repository) þegar ákveðið er hvernig lýsa skuli gagnasafninu og hvaða lýsigagna-staðal skuli velja.

- Beita má lýsigögnum á þremur stigum:
 - Verkefni eða rannsókn:** þar er lýsing á almennu innihaldi, landfræðilegri staðsetningu og tímaskiði rannsóknarinnar og þeirra skráa sem henni tilheyrar.
 - Innihald:** þetta stig inniheldur alla orðalista, orðasöfn og breytur sem notuð voru við gagnaskráningu með orðstöðulykli til frekari skýringar.
 - Skrá:** þarna á að vera lýsing á sértæku innihaldi skrárinnar.

5.2.2 Gildi og skiljanleiki upplýsinga

Nauðsynlegt er að tryggja að allir þættir gagnasafns myndi hnökralausa heild og auðvelt sé að fara á milli einstakra hluta þess¹⁰ (kafla 4.3). Þetta er ekki aðeins á ábyrgð stjórnandans heldur alls starfsliðs rannsóknarinnar í heild:

- Skýr tengsl þurfa að vera milli rannsóknarinnar og víðara samhengis innan fornleifafraeðinnar. Tilvísanir og tenglar til hluta eins og rannsóknanna, tengdra útgáfna og skýrslna og svipaðra eða tengdra verkefna gerir mönnum kleift að gera fyrirspurnir í gagnasafni rannsóknarinnar í alþjóðlegu, innlendu, svæðisbundnu og staðbundnu samhengi.
- Tengslin milli gagnasafnsins og uppruna þess þurfa að vera skýr, hvort sem sá uppruni er staður eða samsafn gripa; einnig þarf að vera hægt að tengja alla hluta gagnasafns rannsóknarinnar aftur til uppruna síns¹¹.
- Innri tengsl í gagnasafni rannsóknarinnar þurfa að vera skýr. Öll gögn og myndir skulu hafa tilvísanir til tengds efnis eða skráningargagna og öfugt¹².
- Þar sem notast er við stöðluð og viðurkennd viðmið um hugtakantkun svo sem orðalista eða hugtakaorðabækur þarf að nota þau og vitna til þeirra í lýsigögnum



45

10. Til dæmis þarf að vera hægt að mynda tengingar milli einingaskráa, skráa um fundi og ljósmynda og einnig þarf að vera unnt að rekja einstaka fundi aftur til eininga, lags, skurðar og staðsetningar. Einnig þarf að vera hægt að athuga hliðstæður í skránnar annarra fornleifarannsóknna.

11. Til dæmis þurfa flatarteikningar og sniðteikningar að vera með landfræðilega tengingu; fundir skulu auðkenndir eða merktir bæði með auðkenni vettvangs og viðeigandi samhengi eða einstaklingsbundnu auðkenni.

12. Til dæmis skulu allar teikningar vera tengdar við einingaskrá, ljósmyndir við upprætti af vettvangi og skrár yfir gripa nákvæmlega tengdar aftur til réttra gripa.

rannsóknarinnar. Ef þau eru ekki til staðar þarf að minnsta kosti að tryggja að hugtakanotkun sé samræmd við alla skrásetningu rannsóknarinnar og að viðkomandi orðalistar séu innifaldir í gagnasafninu. Endurheimt og meðhöndlun stafrænna upplýsinga treystir á leit og síun innan gagnanna¹³.

5.2.3 Myndun stöðugs gagnasafns

Vistun gagna er ferli sem miðar að því að varðveita upplýsingar og hluti til frambúðar. Efnislegar afurðir fornleifarannsóknar eru einstakar og óbætanlegar; þess vegna þarf verkefnishópurinn að tryggja að þeim sé sinnt á fullnægjandi hátt frá byrjun rannsóknarinnar. Beita skal aðferðum og verklagi sem eykur líftíma gagnasafnsins (kafla 4.3):

- Við gagnasöfnun, einkum á vettvangi skal beita skynsamlegum aðgerðum til að halda gagnasafninu hreinu, þurrku, halda utan um það á viðeigandi hátt og búa um það og geyma.
- Fundi sem þarfnast forvörslu skal geyma á þann hátt að þeir haldi því ástandi sem þeir fundust í, til dæmis skal ekki láta raka lífræna gripi þorna. Færa þarf gripina í hendur færum og reynslumiklum forverði eins fljótt og hægt er eftir að þeir finnast.
- Meðan á greiningu stendur eru gagnasöfn venjulega höfð við hefðbundnar aðstæður á skrifstofu eða tímabundinni geymslu þar til þeim er fundinn endanlegur staður til varðveislu í viðurkenndri geymslu. Nauðsynlegt er að aðstæður og starfshættir á skrifstofunni setji ekki öryggi eða endingu gagnasafnsins í hættu.¹⁴
- Ein of forsendunum er að stafrænar skrár þurfa að vera læsilegar í framtíðinni. Til að halda þessum skráum endurnýtanlegum og læsilegum skal flytja þær eins fljótt og hægt er úr færanlegum gagnamiðlum svo sem hörðum diskum, CD-diskum, minniskortum eða minniskubbum í netþjóna sem eru undir stöðugu eftirliti, njóta góðrar stjórnar og öruggra aðstæðna.
- Staðlar fyrir varðveislu og forvörslu gagnasafnsins (sjá kafla 5.4) ættu að vera í notkun þar til gagnasafnið er flutt í viðurkenndan og traustan geymslustað.

13. Til dæmis ef hugtakið „stoðarhola“ er notað á einum stað og „stoðar-hola“ á öðrum verður ómögulegt að leita og sía fyrirspurnir á skilvirkan hátt.

14. Til dæmis skal ekki reykja, drekka eða neyta matar yfir teikningum af vettvangi, skilja ekki ljósmyndir eftir í sterku sólarljósi eða vista gagnasöfn í rökum kjöllumurum, í grennd við vatnssuppsprettur eða þar sem nagdýr, skordýr eða aðrar plágur gætu verið til staðar.



46



47

46. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Andrea Hörentrup

47. © Minjastofnun Íslands, Íslands kulturavsstyrelse

Það er á ábyrgð allra viðkomandi að nota aðferðir og efni við myndun gagnasafnsins sem styður við endingu þess. Þar sem flest einstök lönd og ríki hafa eigin staðla um teikniáhöld, geymslukassa o.s.frv. er ekki mögulegt að tilgreina nákvæmlega um slíkt í þessum leiðbeiningum. Vísað er í bókaskrár einstakra landa, landshluta og ríkja í þessu tilliti¹⁵. Þrátt fyrir það gilda almennar meginreglur, bæði á vettvangi og annars staðar.

- Nota skal viðeigandi efni sem flutningsmiðla fyrir upplýsingar og fyrir umbúðir og ílát fyrir gagnasafnið¹⁶
- Viðeigandi efni og aðferðir þarf að nota til að merkja skjöl, gripi og sýni¹⁷.
- Allir fundir (gripir og sýni) ættu njóta viðeigandi meðferðar áður en þeir verða hluti af gagnasafninu¹⁸.

5.2.4 Neyðaráætlanir

Við gagnasöfnun, hvort heldur á vettvangi eða annars staðar er nauðsynlegt að þróa og viðhalda áætlun um að tryggja gagnasafnið gegn skemmdum og tapi. Fornleifafræðileg gagnasöfn eru einstök og óbætanleg. Enda þótt neyðartilvik kunni að virðast fjarlægur möguleiki geta slys þó komið fyrir og í umhverfinu geta búíð ýmsar hættur.

Góð neyðaráætlun tilgreinir þau svæði þar sem hætta getur komið upp og setur í gang neyðarráðstafanir ef einhverjar af þeim hættum koma upp í raun og veru. Öryggi gagnasafnsins þarf að vera mikilvægur þáttur í þessari áætlun.

Hafa skal eftirfarandi þætti í huga: Er hætta á flóðum eða þjófnuðum á rannsóknarstað? Er raki í byggingum, leka þær, eru þær öruggar og er eldhætta í einhverjum gagnageymslum? eru öll geymslusvæði örugg, eru hillur traustar, hafa raflagnir verið prófaðar? Slík áætlun nær til þess að setja upp viðbragðshóp og tilkynningarkerfi, áætlun um gagnaöryggi, skipulag björgunar, brottflutnings og hreinsunar, kröfur um búnað, eldvarnarkerfi og símanúmer neyðarþjónustu.

15. <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>

16. Til dæmis skal geyma pappírsgögn sem ekki eru í virkri notkun í sírufríum kósum, hliðrænar ljósmyndir geymdar í pólýester- eða sírufríum umslögum og viðkvæmir fundir geymdir með viðeigandi raka- og hitastjórnun. Nota skal hágæða filmu, pappír, blek o.s.frv. við gerð uppdráttar, sem endast í langan tíma.

17. Til dæmis skulu blýantar sem notaðir eru við teikningu á teikningafilmu ekki vera það mjúkir að teikningin máist út við meðferð eða í geymslu. Allt handskrifað efni, hvort heldur pappírsgögn, teikningar eða merkimiðar þarf að vera skýrt, læsilegt, tryggilega fest og skrifað á formi sem tilgreint er í áætluninni um meðhöndlun á gögnum verkefnisins.

18. Til dæmis skulu fundir vera hreinir og þurrir (nema mælt sé með öðru) fyrir geymslu og búíð um þá í viðeigandi umbúðafni. Forvörður þarf að meðhöndla alla viðkvæma og brothætta muni eins fljótt og hægt er.



- Mikilvægt er að neyðaráætlun sé til staðar á þessu stigi og að allir starfsmenn rannsóknarinnar viti um innihald hennar og geri sér grein fyrir hlutverki sínu í framkvæmd hennar. Aðstæður geta verið mismunandi eftir staðsetningu, hvort sem unnið er á vettvangi, í tímabundinni aðstöðu eða á skrifstofu / rannsóknarstofu / safngeymslu en það er þrátt fyrir það nauðsynlegt að þróa neyðaráætlun.
- Upplýsingar á stafrænum flutningsmiðlum eru viðkvæmar fyrir skemmdum og tapi. Það er mjög mikilvægt að kerfi um öryggisafritanir og reglulegar afritanir sé í gangi og að öryggisafritið/eintakið sé varðveitt á öðrum stað þegar hægt er¹⁹.

5.2.5 Val og varðveisla

Í þessum áfanga þarf bæði að hafa skýra áætlun um hvaða gögn og fundi (gripi og sýni) skuli velja til varðveislu, að hún sé sett í framkvæmd af þátttakendum rannsóknarinnar og að notkun hennar sé undir eftirliti verkefnisstjórans. Stefnan um val og söfnun þarf að vera sveigjanleg og opin fyrir breytingum; til dæmis geta óvæntir fundir eða jarðlagaskipan haft áhrif á ákvarðanir um eitthvað sem áður var valið til förgunar.

5.3 GREINING, SKÝRSLUGJÖF OG FLUTNINGUR GAGNASAFNSINS

Í þessum áfanga eiga meginreglurnar sem lýst er í kafla 5.2, gagnasöfnun, enn við en þó eru nokkur atriði sem einnig þarf að taka tillit til.

5.3.1 Upprunalegum gögnum haldið heillegum þegar nýjar upplýsingar eru búnar til

Ekki ætti að breyta skráningargögnum sem verða til á gagnasöfnunarstiginu þar sem þau innihalda vísindalegar staðreyndir eða niðurstöður með mjög litlum túlkunum og innihalda þessi gögn upplýsingar sem ekki er auðvelt eða ómögulegt að útvega aftur. Þegar rannsókn er komin á greiningarstigið fara að bætast við gögnin fleiri lög af greiningar- og túlkunarefni.

- Ef breyta þarf upprunalegum, skriflegum gögnum eða auka við þau skal nota blek eða blýanta af mismunandi litum. Þannig geta vísindamenn í framtíðinni betur gert sér grein fyrir hugsanaferli og þeirri röð túlkana sem eiga við um greiningu á þessum gögnum.



49



50

19. Nánari ráðleggingar sjá Management Planning for Archaeological Archives, IFA Paper no 8, Kenneth Aitchison, 2004, IFA and AAF' <http://www.archaeologists.net/publications/papers>

49. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, W. Hohl
50. © Duncan H. Brown

- Stafræn gagnamengi (e. data set) sem myndast við gagnasöfnun þarf að “frysta” og tryggja og vinna skal áfram með þau á afritum þessara gagna. Slíkt ferli varðveitir hin upprunalegu gögn og þá eru jafnframt til afrit ef síðari gerðir spillast eða verða ónothæfar.
- Hafid eftirlit með mismunandi gerðum þegar nýjar gagnaskrár eru stofnaðar sem innihalda gögn úr núverandi skrá; gefid skrá mismunandi útgáfunúmer til að gefa til kynna í hvaða röð þær voru stofnaðar, bætt við þær eða uppfærðar.

5.3.2 Umsjón og meðferð funda við greiningu

Við greiningu er gögnum og fundum (gripum og sýnum) venjulega dreift til ýmissa sérfræðinga til rannsóknar og forvörslu.

- Mikilvægt er að allir sérfræðingar innanhúss sem utan geri sér grein fyrir og fari eftir gagnastjórnun rannsóknarinnar og áætlun þess um gagnasöfnun eins og hún var þróuð á skipulagsstigi og lýst er í kaflanum hér að framan, m.a. við gerð skráarnafna, eftirlit með hugtakanotkun og orðalistum svo og röðunarkerfi og stjórnun á útgáfum.
- Viðhalda skal gagnasafninu sem heildstæðustu þegar upplýsingar og efni raðast upp á nýjan hátt eða færast til. Ef fundasafn er endurskipulagt, búið um það á ný eða sett aftur í kassa við greiningu og/eða meðferð, þarf að skrásetja það fullkomlega og þessar upplýsingar þurfa að fylgja með í gagnasafninu eða skilað með því.
- Ef notaðar eru eyðileggjandi aðferðir við greiningu á sýnum svo sem sneiðun eða kolefnisgreining þarf að halda skrá um þá aðgerð, niðurstöður hennar og áhrif á annað efni sem eftir er og geyma hana í gagnasafninu.
- Nauðsynlegt er að viðhalda öryggi gagnasafnsins og skrásetja þarf hvers konar dreifingu á fundum (gripum og sýnum) og/eða skrá til og frá sérfræðingum í stjórnunargögnum gagnasafnsins og sú flutningsaðferð sem valin er þarf að vera nægilega trygg.

5.3.3 Sérstök meðferð á líkamsleifum manna

- Í sumum menningarsamfélögum hafa líkamsleifar manna ákveðna merkingu eða eru mikilvægar frá siðfræðilegu eða trúarlegu sjónarmiði. Ávallt skal fara að innlendum, svæðisbundnum eða staðbundnum lögum eða leiðbeiningum varðandi meðferð þeirra, þar sem það á við.

5.3.4 Framkvæmd og þróun stefnu við val til geymslu

Hin upprunalega stefna við val til geymslu þarf að vera í gildi en nauðsynlegt er að endurskoða hana reglulega. Þetta kemur



51



52

51. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt

52. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

sér sérstaklega vel þegar samsöfn funda eru metin varðandi möguleika þeirra á greiningu og aftur meðan á greiningu stendur en önnur valaðferð getur orðið ofan á eftir að endurgreining hefur verið gerð.

- Mikilvægt er að stefnan við val til geymslu sé endurskoðuð með tilliti til markmiðanna sem rannsóknaráætlun eða stjórnun verkefnisins stefna að eftir því sem verkinu vindur áfram og að allar breytingar á aðferðinni við val til geymslu séu skráðar og samþykktar af öllum viðkomandi aðilum, meðal annars safngeymslunni sem taka á við safninu.
- Skrá þarf alla fundi sem ekki eru varðveittir og taka fram að þeim hafi verið hafnað og hvers vegna það var gert. Ef fundir hafa verið grafnir niður aftur þarf að skrá staðinn þar sem þeir voru grafnir.
- Val og höfnun mega ekki að valda umtalsverðum missi á upplýsingum sem dregur úr markmiðum rannsóknáætlunar eða stjórnunar verkefnisins.

5.3.5 Gagnastjórnun

Á greiningarstiginu er sennilegt að fleiri en einn aðili vinni með gögn rannsóknarinnar og myndi nýjar skrár í rannsóknargögnunum.

- Allir sem koma að þessu ferli þurfa að þekkja reglur um nafngift á skráum og uppbyggingu þeirra sem skilgreindar voru á áætlunarstiginu til þess að auðvelt sé að hafa stjórn á öllum upplýsingum rannsóknarinnar og þær séu aðgengilegar.
- Á greiningarstiginu er mikilvægt að nýta útgáfustjórnun til að halda utan um endurskoðunarferli og ólíkar útgáfur af skráningargögnum rannsóknarinnar. Slíkt myndar einnig rekjanlega slóð endurskoðana og uppfærsla allt að lokaútgáfunum sjálfum.

5.3.6 Undirbúningur á flutningi gagnasafnsins í viðurkennda eða trausta safngeymslu.

Safnvörður safngeymslu/-geymslna (e. repository) þarf að taka þátt í rannsókninni allt frá fyrstu stigum áætlunar og rannsóknin þarf að uppfylla kröfur safngeymslunnar um skil gagna frá upphafi til þess að auðvelda undirbúning flutnings (kaflí 4.3). Eftirfarandi ætti að vera staðlað fyrir öll skil:

- Gagnasafni rannsóknarinnar þarf að fylgja yfirlit yfir rannsóknina og heildarlisti yfir innihald þess.
- Allir hlutar gagnasafnsins þurfa að vera fullkomlega skrásettir og skipulegir og það þarf að innihalda heildaratriðaorðaskrá um einstaka hluta þess.



53



54

53. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

54. © Rijksantiekvarieëmbetet, CC BY

- Allir hlutar gagnasafns rannsóknarinnar skulu vera merktir með auðkenni rannsóknarinnar og flokkunarupplýsingum (gripur, ljósmynd, einingunúmer o.s.frv.).
- Skráningargögn rannsóknarinnar svo sem skráningarkerfi og tækni, aðferðir við val til geymslu og sýnatöku, hönnun verkefna, skráningarhandbækur o.s.frv. þurfa að fylgja með gagnasafninu.
- Allar stafrænar skrár skulu skipulagðar í skýru gagnaskrárkerfi og nafnakerfi notuð fyrir möppur og skrár sem auðvelda fund upplýsinga. Lýsigögn og stefna varðandi lýsigögn fyrir stafræna gagnasafnið skulu fylgja með gagnasafninu.
- Stafræna gagnasafnið skal vera laust við veirur við flutning og halda skal eftir afriti af gagnasafninu þar til tryggt er að flutningur þess hafi tekist með góðum árangri.
- Búa skal um funda- og skjalasafnið í umbúðum og kössum sem henta fyrir geymslu til lengri tíma í samræmi við innlenda, svæðisbundna, staðbundna staðla eða staðla geymslustaðarins og í stærðum sem safngeymslan tilgreinir.
- Þar sem við á skal hreinsa fundi (gripi og sýni) áður en þeir eru settir í geymslu. Framkvæma þarf hreinsun af eða í samráði við forvörð og í samræmi við innlendar, svæðisbundnar eða staðbundnar leiðbeiningar sérfræðinga.
- Áður en til geymslu til langs tíma kemur þarf að meðhöndla blauta eða raka fundi (gripi og sýni) með viðeigandi forvörð. Það þarf að vera búið að þurrka blauta eða raka fundi undir eftirliti, að undanteknum málum úr röku umhverfi. Ekki má bleyta fundi aftur sem hafa einu sinni verið þurrkaðir.
- Fundir sem valdir hafa verið til greiningar með röntgenmyndatöku, annað hvort til greiningar eða vegna forvörðu, ættu að fara í þá myndatöku áður en þeir eru settir í langtímageymslu og viðkomandi röntgenmyndagögn (sem geyma þarf með safni stafræna skráa/ljósmynda/pappírsgagna eftir því sem við á) þurfa að vera með millivísarnir til baka á fundina sjálfa.
- Fundasafn (gripa og sýna) þarf að vera skipulagt í samræmi við gerð efnisins, umbúðir og kröfur um geymslu. Halda skal mismunandi tegundum funda aðskildum, svo sem leirmunum og dýrabeinum.



55



56

5.4 UMÖNNUN OG SAFNVARSLA GAGNASAFNSINS

Enda þótt þessi kafli komi á eftir áætlanagerð, gagnasöfnun og greiningu og skýrslugerð skal skýrt tekið fram að umönnun alls gagnasafnsins ætti reyndar að hefjast strax og gögn verða til eða

efni safnað, og halda áfram í gegnum alla rannsóknina; það er ekki eitthvað sem ætti aðeins að eiga sér stað þegar gagnasafnið er loksins komið á geymslustað í lokin.

Verkefnishópurinn þarf að tryggja að öllum þáttum gagnasafnsins sé haldið við í samræmi við bestu möguleg viðmið gegnum allann líftíma verkefnisins (sjá kafla 4.3).

Þess vegna þarf að skilja það svo að þessi kafli eigi við hvert einasta stig rannsóknarinnar allt til endanlegrar geymslu gagnasafnsins á varanlegum stað. Af því leiðir að nauðsynlegt er að beina ráðleggingunum að mismunandi aðstæðum sem tilgreindar hafa verið við gerð leiðbeininganna, svo sem:

Virg notkun: á við þegar meðlimir verkefnishópsins auk forvarða og sérfræðinga vinna með gögn rannsóknarinnar og fornleifarnar.

Ekki lengur í virkri notkun: á við þegar sumum eða öllum hlutum rannsóknarinnar er lokið og lokið er við að nota suma eða alla hluti úr gagnasafni en gagnasafni rannsóknarinnar hefur ekki enn verið komið í geymslu til frambúðar.

Tímabundin geymsla: á við um geymslu á safni gagna og funda eftir að gagnasafnið hefur verið samsett til flutnings og rannsóknarvinnunni er þannig lokið en áður en því hefur verið komið í varðveislu til frambúðar.

Langtíma safnvarsla: á við um langtíma umsjón og stjórnun á fornleifafræðilegu safni í geymslu.

5.4.1 Umönnun á gagnasafni í virkri notkun

- Við gagnasöfnun, greiningu og skýrslugerð þarf að viðhalda þáttum gagnasafnsins í góðu ástandi og leita allra leiða til að draga úr hættu á skemmdum, rýrnun, fölnun, raka, þjófnaði og tapi.
- Meðan gögn og gripir gagnasafnsins eru í almennri notkun hjá verkefnishópum og sérfræðingum þarf að meðhöndla þau af gætni og varkárni. Varðveita skal bæði fundi og gögn í gagnasöfnum í viðeigandi geymslukössum, umslögum og skjalaskápum. Stafræn gögn skal meðhöndla í samræmi við alþjóðlega, innlenda, svæðisbundna eða staðbundna viðurkennda hætti í tæknistjórnun.
- Viðhalda þarf viðeigandi geymsluaðstæðum fyrir alla þætti gagnasafns sem nær til skráa og funda meðan á virkri notkun þeirra stendur. Mikilvægt er til dæmis að átta sig á að hlutir sem hafa verið forvarðir gætu þurft annað umhverfi en þeir hlutir sem ekki hafa hlotið þá meðferð.



57



58

57. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, David Bibby

58. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Juraj Lipták

5.4.2 Umönnun á gagnasafni sem ekki er lengur í virkri notkun

Þegar stafræn gögn eru ekki lengur í virkri notkun er kerfi reglulegra afritana með góðri gagnastjórnun hugsanlega ekki nægilegt til að varðveita gögnin, einkum þegar flutningur í stafræna gagnahirslu (e. digital repository) getur tekið nokkur ár. Tæknilegar breytingar geta gerst mjög hratt og efnislegir geymslumiðlar þar sem gögnin eru vistuð eru ekki varanlegir. Það sem var sett í geymslu getur fljótt orðið úrelt og ólesanlegt. Þess vegna mæla leiðbeiningarnar með því að varðveisla stafrænna gagna fari fram með yfirfærslu gagna (e. migration), þ.e. að færa upplýsingar stöðugt úr eldri vélbúnaði og hugbúnaði yfir í nýrri kerfi. Sum fornleifafræðileg viðgangsefni hafa ef til vill ekki fjármagn til að vera í hlutverki stafræns gagnavistunarkerfis í reynd en þó er hægt að gera nokkrar einfaldar ráðstafanir til að tryggja viðhald stafræna gagnasafnsins þegar gögnin eru endanlega frágengin og ekki lengur í virkri notkun:

- Þegar gögn og myndir sem mynduð er á hliðrænum miðlum eru fullfrágengin þarf að flytja þau sem fyrst úr virkri notkun á vinnustað yfir geymslu í gagnasafni þar til þau eru sett í varanlega geymslu.
- Fara þarf eftir leiðbeiningunum í köflum 5.4.3 – 5.4.5 að því marki sem skynsamlegt er, hvað varðar öll skráningargögn og efnislegra hluta gagnasafnsins meðan þau eru í tímabundinni geymslu áður en þau eru flutt í varanlega geymslu.
- Þegar vinnu er lokið við einstakar stafrænar skrár þarf að flytja þær í gagnasafn rannsóknarinnar og skrásetja það.
- Stafrænar skrár þurfa að vera að fullu tilgreindar með efnislykli og vottað að þær séu veirufríar áður en þær eru settar í geymslu.
- Þegar allar stafrænar skrár eru komnar í gagnasafn rannsóknarinnar þurfa þær að njóta virkrar umsjónar eins og tilgreint er í kafla 5.4.4. hér að aftan til að koma í veg fyrir að þær úreldist.

5.4.3 Geymsla gagnasafna í tímabundinni geymslu

Mjög æskilegt er að gagnasöfnin séu geymd í tímabundinni geymslu í eins stuttan tíma og unnt er. Þó verður að setta sig við að í sumum tilfellum, einkum þar sem verkefni eru mjög stór og standa yfir í langan tíma að tímabundin geymsla á gagnasafninu getur varað í mörg ár meðan unnið er að greiningu og skýrslugerð. Þar sem hægt er þurfa aðstæður í tímabundinni geymslu að vera í samræmi við innlendar, svæðisbundnar eða staðbundinnar reglur um geymslu til frambúðar á fornminjasöfnum (e. archaeological collections).



59



- Gangið úr skugga um að geymslur þær sem safn gagna og gripa er varðveitt í sé ekki í yfirvofandi eyðileggingarhættu né liggi undir skemmdum vegna titrings, mengunar eða skemmda af náttúrlegum orsökum eða af mannavöldum svo sem eldsvoða, flóðum eða flóðbylgjum, jarðskjálftum eða skriðuföllum, sprengingum eða mengun, hvort sem er á staðnum sjáfum eða í nágrenninu. Forðist og setjið upp varnir gegn nagdýrum, skordýrum og öðrum skaðvöldum.
- Tryggið að aðveitur rafmagns, gass og sérstaklega vatns séu í öruggri fjarlægð frá geymslusvæðum og að byggingin sé með reykskynjunarkerfi.
- Gætið þess að færa hluti í geymslu til sem minnst og geymið gögn gagnasafnsins í myrkri.
- Tryggið að hlutir í geymslu séu varðveittir við hitastig og rakastig sem hentar þeim í samræmi við innlend, svæðisbundin eða staðbundin tilmæli. Almenn er viðurkennt að ef rakastig er hærra en 60% er aukin hætta á örverufræðilegri virkni og hlutir verða stökkari við mjög lágt rakastig. En þó eru mismunandi loftslagssvæði í Evrópu og mælt er með mismunandi viðmiðunarmörkum. Ekkert almennt samkomulag er til um hitastig eða rakastig en það hefur verið staðfest að flestir flokkar hluta í gagnasafni varðveitast lengur við lægra hita- og rakastig. Miða þarf við innlenda, svæðisbundna eða staðbundna staðla og upplýsingar um heimildir um þá er að finna á vefsetri ARCHES²⁰.

5.4.4 Langtíma safnvarsla skjala- og gagnasafns

(Kafli 4.2)

Stafræn gögn

- Allar skrár skulu vera skjalaðar. Skjölun (e. data documentation) gerir gögn aðgengileg og kemur í veg fyrir missi á upplýsingum við uppfærslu og yfirfærslu þeirra þar sem einkenni gagnanna eru vel þekkt. Allar skrár skulu hafa fullnægjandi lýsigögn til að tryggja að gögnin í skránni séu aðgengileg og skiljanleg. Við þetta nýtast stafræn gögn til frambúðar öðrum en þeim sem útbjó þau.
- Rétt er að sinna glæðingu gagna (data refreshment). Fara skal yfir stafræn gögn með tilliti til lesanleika með reglubundnum hætti og ef nauðsyn krefur þarf að afrita gögnin af einum segulnæmum (e. magnetic) eða ljósfræðilegum (e. optical) geymslumiðli yfir á annan þegar upprunalega eintakið nálgast lok á nothæfum líftíma sínum.



60



61

20. <http://http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>

60. © Duncan H. Brown

61. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, David Bibby

- Framkvæma skal yfirfærslu gagna í samræmi við bestu starfsvenjur í gagna- og upplýsingastjórnun en þar geta breytingar gerst hratt. Til að gera skrár óháðar vélbúnaði og hugbúnaðinum sem þær voru myndaðar á þarf að flytja skrár til geymslu úr sérstöku formi yfir á stöðugt og varanlegt form til varðveislu og flytja það áfram á eftirkomandi gerðir af þessum formum eftir því sem hugbúnaðurinn er uppfærður eða breytist²¹. Allar skrár og lýsigögn þarf að staðreyna í þessu ferli og ekki skal eyða fyrri gerðum fyrr en þær nýrri hafa verið athugaðar.

Ekki er mögulegt að fjalla í smáatriðum um staðla fyrir stafræna gagnavistun í þessum leiðbeiningum. Nánari leiðbeiningar um gagnavistun er að finna í viðmiðunarlíkani OAIS²², í kaflanum Guide to Good Practice á Archaeology Data Service vefsetrinu²³, The Digital Archiving and Networking Services (DANS), og vefsetrum þar sem fylgst er með eða stuðlað að þróun og umfjöllun um þetta efni, svo sem JISC²⁴ og spjallrásinni Information Standards in Heritage (FISH)²⁵. Nánari upplýsingar um hvernig má tengja gögn og fá opið aðgengi að þeim og endurnýta þau er að finna á Linked Open Data vefsetrinu²⁶. Hagnýtar leiðbeiningar um hvernig skipuleggja má rannsóknargögn er á UK Data Archive²⁷.

Hliðræn (e. analogue) skráningargögn

Hliðrænar myndir og skjöl geta verið á ýmsu formi og sérstakar kröfur þarf að gera um gagnavistun þeirra. Hægt er að nefna nokkur almenn atriði:

- Pappír þarf að geyma flatan í sýrufríum, rykfríum pappakössum.
- Teikningar á uppdráttarfilmu þarf að geyma flatar í rykfríum ílátum.
- Öll pappírsgögn skulu vera með efnislykli og flokka skal saman sérstaka gagnaflokka. Efnislyklar yfir allt gagnasafnið og listi yfir skráarheiti þar sem tilgreindir eru mismunandi flokkar gagna þarf að vera til staðar.



62



63

21. <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>

22. Dæmi eru .xml fyrir texta og gagnagrunna, .jpg og .tiff fyrir myndir og .dxf og .svg fyrir vigurteikningar. Forðast skal að nota sérstök skráarsnið svo sem .doc, .pix og .ai. Stundum er leyfilegt að nota sérstakt skráarsnið vegna þess að það er almennt viðurkennt sem staðallinn - í reynd -, til dæmis .pdf formið (PDF/A (ISO 19005))

23. «OAIS - Open Archival Information System (ISO 14721)» <http://public.ccsds.org/publications/archive/650x0m2.pdf>

24. <http://Guides.archaeologydataservice.ac.uk/>

25. <http://www.jisc.ac.uk/about>

26. <http://linkeddata.org/home>

27. Van den Eynden, V. et al 2011. "Managing and sharing data; best practices for researchers" University of Essex, Colchester, Essex (<http://www.data-archive.ac.uk/media/2894/managingsharing.pdf>).

- Skipuleggja skal gögn sömu tegundar í rökréttri röð, eftir samhengi, dagsetningu og númeri hlutar eftir því sem við á
- Fjarlægja þarf allan umbúnað eða merkimiða sem gætu skaðað hliðrænar upplýsingar svo sem teygjur, hefti, pappírsklemmur eða sjálfliðandi miða eða borða.
- Kassana þarf að geyma á rykfríum, þurrum og helst dimmum stað og í öruggri fjarlægð frá hættum í umhverfinu svo sem raka, skordýrum eða nagdýrum.

Ljósmyndaefni (hliðrænt)

Almennt þarf að meðhöndla ljósmyndir á sama hátt og tilgreint er í kaflanum hér að framan. En þar sem ljósmyndir eru mjög viðkvæmar fyrir skemmdum við slæm geymsluskilyrði þarf að taka tillit til nokkurra sérstakra atriða:

- Geyma þarf framkallaðar myndir, negatífur og glærur svo og röntgenmyndir í sýrufríum umbúðum eða pólýester-umslögum í gagnageymslukössum eða rykfríum skápum.
- Allar filmur og ljósmyndir þurfa að vera fullkomlega skráðar í atriðaskrá og merktar með auðkenni verkefnisins og öðrum viðkomandi upplýsingum svo sem númeri filmu eða ramma, á þann hátt að það skemmi ekki myndina eða geti nuddast af við meðhöndlun.
- Ljósmyndaefni er sérstaklega næmt fyrir skemmdum af völdum ljóss sem veldur því að það dofnar og einnig geymist það betur í köldu umhverfi. Geyma skal ljósmyndaefni í kössum eða skápum á dimmum, svölum og rykfríum stað og fjarri hættum sem geta stafað af umhverfinu.

5.4.5 Langtíma safnvarsla fundasafns


(Kafli 4.2)

Almennar leiðbeiningar fyrir alla efnisflokka

- Þar sem við á skal hreinsa efnislega hluti (fundi) áður en þeir eru settir í geymslu.
- Öll forvarsla, til dæmis hreinsun á viðkvæmum hlutum (fundum) skulu unnar af hæfum forverði og framkvæmdar áður en hlutirnir eru settir í langtíma geymslu, skrásetja þarf þá fullkomlega og skráningargögnin látin fylgja með gagnasafni verkefnisins.
- Geyma þarf fundi (gripi og sýni) eftir gerð þeirra, hve viðkvæmir þeir eru, hvernig umbúðum er háttað og í samræmi við geymsluþarfir og halda þarf ólíkum flokkum funda aðskildum.



64



65



66

64. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.

65. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

66. © Riksantikvarieämbetet, CC BY

- Fundasafn þarf að vera með fullkomna atriðaskrá og millivísanir í skrásetningu sem þarf að fylgja gagnasafninu í langtíma geymslu og skal geyma hana með stafræna, ljósmynda- og pappírsgagnasafninu eftir því sem við á.
- Fundasafn þarf að vera merkt eða auðkennt með öllum upplýsingum um gripinn, fundarstað og samhengi eftir því sem við á og þurfa merkingarnar að vera læsilegar, sjáanlegar, endast vel og þannig að þær losni ekki auðveldlega frá gripnum.
- Ekki skal setja of mikið í hvern kassa og þeir þurfa að vera með fullnægjandi fódrun svo sem óvirkt frauð (e. inert foam) eða sýrufrítt efni milli brothættra hluta.
- Geyma þarf kassana í myrkri, frá gólfi og í umhverfi sem hæfir innihaldi þeirra og sem dregur sem mest úr hættunni á skemmdum eða rýrnun.
- Umhverfið í geymslunni skal vera undir reglulegu eftirliti og varið gegn miklum sveiflum í hitastigi og raka. Setja þarf upp eftirlit eða vöktunargildirur til að vara við meindýrasmiti frá nagdýrum eða skordýrum.



Sérstakar tegundir funda

- Áður en fundasafn er tekið í langtíma geymslu þarf að tryggja að allir hlutir sem fundust blautir eða rakir hafi verið þurrkaðir og fengið viðeigandi forvörslu.
- Búa þarf um málmluti í samræmi við leiðbeiningar um varðveislu og ráðleggingar sérfræðinga. Fylgjast þarf reglulega með rakagreiningarstrimlum eða kísilhlaupi og endurnýja þá, þurrka eða skipta um eftir þörfum.
- Gætið þess að allar röntgenmyndatökur hafi verið framkvæmdar eins og við á og myndir og skrár sem því tengjast séu með millivísanir til hlutanna.



Efni sem fengið er úr vísindalegri sýnatöku

Almennt þarf að meðhöndla vísindaleg sýni á sama hátt og tilgreint er í kaflanum hér að framan. Þó þarf að taka tillit til nokkurra sérstakra atriða:

- Sum sýni eru tekin til eyðileggjandi greiningar þannig að ekkert eða nánast ekkert er eftir af sýninu sjálfu. Þetta þarf að skrá í gagnasafnið og gögnin úr greiningunni vistuð með gagnasafninu.
- Greining á sýnum (til dæmis sneiðun, jarðvegs- eða frjókornagreining) getur þýtt að útbúa þarf smásjarglærur. Ef geyma á upprunalegu glærurnar á rannsóknarstofu sem viðmiðunarefni þarf að geyma skráningargögnin í gagnasafninu í langtíma geymslu og ef hægt er ætti afrit af glærunum að fylgja með þessum skráum.



67. © Duncan H. Brown

68. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.


69. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, David Bibby

- Kjarnasýni (e. column samples) má geyma á svölum, dimmum stað. Greining skal fara fram eins fljótt og unnt er og gögnin vistuð í gagnasafninu.
- Blaut eða rök sýni svo sem vatnsósa viður og flotsýni mega ekki þorna og þarf að geyma þau á svölum stað, kæld ef mælt er með því, í vatnsþéttum umbúðum. Fylgjast þarf með ástandi sýnana reglulega.

Líkamsleifar manna

Sérstök vottorð eða leyfi getur þurft vegna líkamsleifa manna, til dæmis vegna kröfu um endurgreftrun eða hömlur á þeim tíma sem veittur er til greiningar. Þegar líkamsleifar manna eru settar í geymslu skal taka sérstaklega fram þær aðstæður sem tengjast vörslu þeirra í skráningarskjölum gagnasafnsins og fylgjast þarf með þessum aðstæðum meðan á geymslu stendur.

- Ef mögulegt er þarf að búa um mannabein og geyma í kössum á þann hátt að hægt sé að greina einstakar beinagrindur.
- Meðferð og forvarsla á leifum mjúkvefjar skal vera í samræmi við ráð sérfræðinga.



70



71

70. © Brussels Regional Public Service,
Direction of Monuments and Sites

71. © Landesamt für Denkmalpflege
Baden-Württemberg, Y. Mühleis

6. GÁTLISTI FYRIR FORNLEIFAFRÆÐILEGA GAGNAVÖRSLU



Í eftirfarandi töflu eru sett fram verk á sviði gagnavörslu sem koma upp eftir því sem rannsókninni vindur fram. Þetta eru almenn verkefni sem tekin eru úr kaflanum um bestu starfsvenjur í leiðbeiningunum og á þessu formi er hægt að nýta þau sem aðgengilegan gátlista um gagnavörslu fyrir þá sem eru ekki alltof kunnugir gagnavörsluferlinu sem slíku.



72

Nákvæmari verklýsingar verða síðar tiltækar á netinu en þar verður að finna aðgerðir og verkefni sem eru sérstök fyrir hvert land, svæði eða ríki og sem lagast betur að viðurkenndum starfsháttum landsins, svæðisins eða ríkisins.

Gátlistinn í leiðbeiningunum gefur einnig almenna hugmynd um hverjir ættu að taka að sér þessi verkefni en jafnframt er lögð er áhersla á að allir sem koma að fornleifarannsókn hafa áhrif á hvernig gagnasafnið er myndað, samsett, um geymslu þess og forvarnir. “Hver og einn þátttakandi í fornleifarannsókn ber ábyrgð gagnvart gagnasafninu og þurfa þeir að ganga úr skugga um að það sé myndað og samsett í samræmi við viðurkennda staðla, notaðar séu samræmdar aðferðir og ekki sé nein óþarfa hætta fyrir hendi á skemmdum eða tapi” (Staðallinn, kafli 4.4, 2 mgr.)



73

Þær tegundir starfsmanna sem tilgreindar eru í gátlistanum miðast við fullkomnar aðstæður og tilgangurinn er að sýna dæmi um bestu starfsvenjur. Í þeim gátlistum sem eru sérstakir fyrir lönd, svæði eða ríki og koma í kjölfarið á leiðbeiningunum verður tilgreint starfsheiti þess aðila (til dæmis safnvarðar, forvarðar o.s.frv.) sem venjulega tekur að sér hvert verkefni í viðkomandi landi eða ríki og þannig er gátlistinn sérsníðinn fyrir raunverulega starfshætti á hverju svæði.²⁸

Tilbúin eyðublöð fyrir hvert land, ríki eða kantónu er að finna á vefsetri ARCHES <http://archaeologydataservice.ac.uk/arches>.²⁹

Þau lönd sem óska eftir að ganga til samstarfs við ARCHES áætlunina og bæta sínum eigin gátlista um gagnavistun í leiðbeiningar okkar á netinu geta fundið auðar stílsíður sem fylla má út á vefsetri ARCHES.



74

72. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Christian Bogen

73. © Landesamt für Denkmalpflege und Archäologie Sachsen-Anhalt, Hauke Arnold

74. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

28. Þetta á við þar sem slíkir listar eru til.

29. Þetta á við þar sem slík eyðublöð eru til.

6.1 SKILGREININGAR Á HLOTVERKUM STARFSFÓLKS RANNSÓKNAR

Þau starfsheiti sem gefin eru starfsfólki við fornleifarannsókn eru óendanlega fjölbreytt og því er mikilvægt að áður en lýst er sérstökum ábyrgðarsviðum einstakra aðila hópsins þá sé sett fram sameiginleg hugtakanotkun. Hér á eftir er listi yfir tegundir starfa sem tilgreind eru í gátlistanum auk stuttrar lýsingar á hlutverki þeirra og vonast er til að hver aðili að ARCHES lagi gátlistann að eigin starfsháttum.

Gagnasafnsstjóri Ábyrgur fyrir að tryggja að gagnasafn rannsóknarinnar sé fullkomlega samsett og sjá um flutning þess í langtíma geymslu, þ.e. safngeymslu.

Forvörður Sérfræðingur í forvörslu eða endurgerð forngripa.

Upplýsingatæknistjóri Aðili verkefnishóps sem er ábyrgur fyrir umsjón á tilurð, varðveislu og aðgengi að stafrænum gögnum.

Aðstöðustjóri Ábyrgur fyrir umsjón með þeirri aðstöðu þar sem fornleifarannsóknin eru unnin, einkum eftir að gagnasöfnun á vettvangi er lokið.



75. © Landesamt für Denkmalpflege Baden-Württemberg, Y. Mühleis

76. © Brussels Regional Public Service, Direction of Monuments and Sites

77. © Rijksdienst voor het Cultureel Erfgoed

Umsjónarmaður funda Ábyrgur fyrir umsjón funda (gripa og sýna) sem finnast í fornleifarannsóknum, svo sem hreinsun, merkingu/auðkenningu, pökkun, skráningu, geymslu og samskiptum við sérfræðinga.

Upphafsmáður verkefnis Sá sem hefur greint þörfina á fornleifarannsókninni, fylgist með niðurstöðum rannsókninni en er ekki endilega stjórnandi verkefnishópsins.

Verkefnisstjóri Stjórnandi verkefnishópsins á meðan á fornleifarannsókninni og ber ábyrgð á að tryggja að markmiðum sé náð.

Verkefnishópur Allir þeir sem starfa að fornleifarannsókninni.

Safnvörður Ábyrgur fyrir að tryggja varðveislu og aðgengi að gagnasöfnum fornleifarannsóknna eftir flutning þeirra til langtíma vistunar í safngeymslu.

Sérfræðingur Aðili sem sér um söfnun og greiningu á sérhæfðum upplýsingum meðan á fornleifarannsókn stendur, til dæmis sérfræðingur í frjókornum eða leirmunum.



78



79

78. © Minjastofnun Íslands, Íslands kulturarvssstyrelse

79. © Archeologický ústav AV ČR, Praha, v.v.i.

6.2 TAFLA MEÐ GÁTLISTA FYRIR GAGNAVÖRSLU

Áfangi verkefnis	Vísun í kafla Nr.	Aðgerð	Gagnavörsluverkefni	Yfirumsjón verkþáttar
ÁÆTLANA-GERÐ	5.1.1	Samkomulag ætti að vera milli allra viðkomandi aðila um uppbyggingu og einkenni gagnasafnsins í framtíðinni, þar með talið endanlegt innihald gagnasafnsins og hvernig því verður stjórnað	<ul style="list-style-type: none"> Setja staðla um tilurð og form skráningar-gagna í verkefninu og einnig um hvaða miðla skal nota og þær starfsaðferðir sem fara þarf eftir til að tryggja samræmda skráningu Skilgreina verklagsreglur um greiningu, skráningu og umsjón samsafns funda. Lista upp handbækur sem nota skal og allar umbúðir, tímabundna geymslu, varðveislu og þörf á flutningum. Fara skal eftir alþjóðlegum, innlendum, svæðisbundnum, staðbundnum stöðlum um geymslu á fornleifagögnum og stjórn á söfnum 	<p>Upphafismaður verkefnis Verkefnisstjóri</p> <p>Verkefnisstjóri Umsjónarmaður funda Forvörður</p> <p>Verkefnisstjóri Gagnasafnsstjóri Safnvörður</p>
	5.1.2	Setja skal saman áætlun um val til geymslu og samþykja hana í undirbúningsáfangarannsóknarinnar og þar skal ekki aðeins taka fram val sem á sér stað á vettvangi heldur skal einnig tilgreint hvað skuli valið eða geymt til gagnavistunar eftir því sem rannsókninni vindur fram	<ul style="list-style-type: none"> Setja fram áætlun um val til geymslu með framlagi frá öllum viðkomandi aðilum verkefnishópsins, þar með taldir sérfræðingar og safnvörður safngueymslunnar eða -geymslanna þar sem hið endanlega gagnasafn verður vistað. 	<p>Upphafismaður verkefnis Verkefnisstjóri Umsjónarmaður funda Safnvörður Sérfræðingar</p>
	5.1.3	Gera skal áætlunir um stjórnun öryggismála og neyðaraðgerða sem tryggja gagnasafnið gegn skemmdum og tapi	<ul style="list-style-type: none"> Undirbúa áætlun um stjórnun öryggismála og neyðaraðgerða þar sem settir eru fram staðlar sem fylgja þarf þegar safn skrásetningargagna og funda eru mynduð, þeim safnað og þau vistuð til að hlífa þeim við skemmdum, víxlmengun, rýrnun eða þjófnaði 	<p>Verkefnisstjóri Gagnasafnsstjóri Aðstöðustjóri Umsjónarmaður funda Forvörður</p>
	5.1.4	Tryggja þarf að reiknað sé með þörfum gagnavörslunnar þegar fjallað er um fjármagn svo og við skipulagningu verkþátta og tímaáætlunar rannsóknarinnar	<ul style="list-style-type: none"> Gera þarf ráð fyrir verkefnum og verkþáttum á sviði gagnavörslu og taka skal tillit til mikilvægra tímamarkna í gagnavörslunni Úthluta fullnægjandi fjármagni til verkþátta í gagnavörslu til að tryggja að gagnasafn rannsóknarinnar sé skipulagt, með innra samræmi aðgengilegt, stöðugt, tryggt og að því sé sinnt sem skyldi þar til það er komið í örugga geymslu í vottaðri og traustri safngueymslu 	<p>Verkefnisstjóri Gagnasafnsstjóri</p> <p>Verkefnisstjóri Gagnasafnsstjóri</p>
	5.1.5	Tilnefna þarf safngueymslu, geymslustað eða safn til viðtöku og þeir þurfa að vera aðilar að rannsókninni frá upphafi þannig að hægt sé að tryggja framtíð hins endanlega gagnasafns og að gagnasafnið sé sett saman í samræmi við kröfur safngueymslunnar	<ul style="list-style-type: none"> Bjóða safnverði safngueymslunnar, eða safnvörðum ef um fleiri en eina safngueymslu er að ræða, að taka þátt í áætlanagerðinni um gagnasafnið í upphafi rannsóknarinnar 	<p>Upphafismaður verkefnis Verkefnisstjóri Safnvörður</p>

Áfangi verkefnis	Vísun í kafla Nr.	Aðgerð	Gagnavörsluverkefni	Yfirumsjón verkþáttar
	5.1.6	Skýra þarf og gera samkomulag um höfundarétt og yfirfærslu á eignarhaldi þar sem það á við í undirbúningsáfangaverkefnisins	<ul style="list-style-type: none"> Koma á fót verkferlum um höfundarétt og yfirfærslu á eignarhaldi Leysa úr deiluefnum um gagnasafnrannsóknarinnar í samræmi við innlenda, svæðisbundna eða staðbundna lagasetningu 	Gagnasafnsstjóri Safnvörður
SÖFNUN GAGNA	5.2.1	Skrásetja, skipleggja og gera atriðaskrá yfir gögn og efnislega hluti (gripir og sýni) í gagnasafninu til að það sé ávallt skiljanlegt og aðgengilegt	<ul style="list-style-type: none"> Gera skal fullkomna atriðaskrá um safnið ásamt heildarskrá yfir allt innihald þess svo og önnur atriði svo sem skrár um innihald, lista yfir fundi og teikningar Gera skráningargögn um rannsóknina þar sem kemur fram hvers vegna fornleifafræðing gögn og fundir (gripir og sýni) voru valin eða þeim var safnað Útvega lýsigögn bæði um stafræna og hliðræna hluta gagnasafnsins til að gera notandanum kleift að öðlast greiðan aðgang að upplýsingunum og notkun þeirra eða ákveða hvort þær verði gagnlegar eða ekki. Útbúa þarf samantekt um rannsóknina þar sem rannsóknarfólki eru kynnt markmið og tilgangur, umfang, staðsetning, innihald og niðurstöður rannsóknarinnar 	Verkefnisstjóri Gagnasafnsstjóri Verkefnisstjóri Upplýsingatæknistjóri Verkefnisstjóri
	5.2.2	Nauðsynlegt er að tryggja að allir þættir gagnasafns myndi hnökralausa heild og auðvelt sé að fara á milli einstakra hluta þess	<ul style="list-style-type: none"> Skýr tengsl þurfa að vera milli rannsóknarinnar og víðara samhengis innan fornleifafræðinnar. Tengja öll gögn aftur til uppruna síns Öll gögn og myndir skulu hafa tilvísanir til tengdra funda (gripa og sýna) eða skráningargagna og öfugt Nota stöðluð og viðurkennd viðmið um hugtakanotkun þar sem þau eru til. Ef þau eru ekki til staðar þarf að minnsta kosti að tryggja að hugtakanotkun sé samræmd við skráningargögn rannsóknarinnar og að viðkomandi orðalistar séu innifaldir í gagnasafninu 	Verkefnishópur Sérfræðingar Verkefnishópur Verkefnishópur Verkefnishópur

Áfangi verkefnis	Vísun í kafla Nr.	Aðgerð	Gagnavörsluverkefni	Yfirumsjón verkþáttar
